

SJÓNVARPSVÍSIR

2 tbl. | Febrúar 2014

LÉTTIR SPRETTIR
Í betra form
með Rikku

**GEGGJAÐAR
GRÆJUR**
Íslensku tvíbur-
arnir sem sigruðu
Danmörku

**ÓLYMPÍULEIKAR
Á STÖÐ 2 SPORT**
Stærstu vetrar-
ólympíuleikar
sögunnar

**Bubbi: Orðlaus
yfir hæfileikum
Íslendinga.**

Ísland Got Talent

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

Léttir sprettir og

2 LÉTTIR SPRETTIR
HEFST Í FEBRÚAR

réttir

Friðrika Hjördís Geirsdóttir, betur þekkt sem Ríkka, mætir með nýjan þátt á Stöð 2 í febrúar. Í þættinum verða almenningsípróttir teknar fyrir ásamt næringu og hollri matreiðslu.

Léttir sprettir er nýr þáttur sem Friðrika Hjördís Geirsdóttir, eða Ríkka eins og hún er kölluð, stjórnar og hefst hann 12. febrúar.

Allir af stað

„Þátturinn fjallar um þær ípróttir sem almenningur stundar helst. Fyrst og fremst er hann gerður til að koma fleirum af stað til að hreyfa sig. Hreyfing hefur góð og jákvæð áhrif bæði á líkama og sál. Þeir sem hreyfa sig reglulega eru jákvæðari og líður betur í sjálfinu, þetta jákvæða viðhorf til lífsins smitast svo út frá þeim til samfélagsins. Rauði þráðurinn í þættinum er því að hvetja fólk til að finna íprótt sem hentar viðkomandi og bera með því ábyrgð á eigin heilsu og betra samfélagi án þess þó að vera með einhverja predikun,“ segir Ríkka.

Ein íprótt í hverjum þætti

Hver þáttur verður tileinkaður einni íprótt og kemur Ríkka til með að kynna sér til dæmis hlaup, skíðaípróttir, hjólréiðar, fjallgöngur, sund, ípróttir fyrir alla fjölskylduna, krossfit og jóga, sem og aðrar ípróttir sem eiga upp á pallborðið. „Í þættinum verður farið yfir þann búnað sem nauðsynlegur er í hverri íprótt og hvernig þjálfun er æskileg til að ná betri árangri. Einnig verður farið yfir hvernig byrjendur geta stundað þá íprótt sem til umfjöllunar er og líka hvernig þeir sem eru lengra komnir geta farið enn lengra í sinni iðkun.“

Líka næring og matur

Í þættinum verður einnig lögð áhersla á næringu og hinum ýmsu spurningum varðandi hana svarað. „Ég er búin að fá frábæran strák með mér í þættina sem er lektor í næringarfræði í Háskóla Íslands og við ætlum að spjalla um hitt og þetta. Til dæmis um vítamínnotkun, prótínnotkun og næringu fyrir börn.“

Í lok þáttanna verður svo matreiddur hollur réttur sem er stútfullur af næringarefnum.



Heimsfræg hönnunarfyrirtæki í Heimsókn

Sindri Sindrason heldur áfram að líta inn hjá íslenskum fagurkerum þegar þátturinn hans vinsæli, Heimsókn, byrjar aftur í febrúar. „Í þáttunum verður farið yfir margt nýtt og spennandi. Ég fjalla um tvö heimili fyrir og eftir breytingar á þeim, þau verða tekin algjörlega í gegn frá A til Ö. Svo fæ ég arkitekt með mér í lið og fylgist með breytingum á stofu sem eru gerðar á ódýran hátt. Síðan verð ég mikið í útlöndum, á Norðurlöndum og í Bretlandi, þar sem ég heimsæki Íslendinga sem búa þar. Einnig verða heimsfræg hönnunarfyrirtæki sem hafa framléitt frægar vörur frá öröfi alda sótt heim í þessum ferðum. Ég mun líka heimsækja heimili hönnuða þessara fyrirtækja þannig að það er margt spennandi í gangi,“ segir Sindri.


Innsýn í mannlífið

Þáttaröðin „Um land allt“ í umsjón Kristjáns Mássonar heldur áfram göngu sinni í febrúar. Þeir Kristján og Baldur Hrafnkell Jónsson kvikmyndatökumaður hafa verið á ferð og flugi um byggðir landsins.

„Ég kem yfirleitt í flesta landshluta á hverju ári, líka að vetrarlagi, og finnst ég hafa ágæt forsendur til að skynja æðsláttinn hringinn í kringum landið,“ segir Kristján.

„Við reynum að veita innsýn í mannlífið sem víðast um land, svo áhorfendur geti meðal annars kynnst því á hverju landsmenn lifa í hinum ýmsu byggðum og hvernig framtíðin blasir við fólki hér og þar.“

Í fyrsta þættinum í febrúar heimsækjum við höfuðslóðir íslenskrar skógræktar á Fljótsdalshéraði. Við förum á Hallormsstað og Egilsstaði og fræðumst um vaxandi skógarauðlind Íslendinga. Við hittum alvöru íslenska skógarhöggsmenn og heyrum um tækifærin sem menn sjá í skóginum.



Kristján Már hefur verið á ferð og flugi um byggðir landsins að undanfögnu.

Tvíburar með græju

Bjarni Hedtoft og Davíð Hedtoft Reynissynir stjórna þættinum Geggjaðar græjur sem hefst í febrúar á Stöð 2.

2 GEGGJAÐAR GRÆJUR
HEFST Í FEBRÚAR

Tvíburarnir Bjarni og Davíð Hedtoft Reynissynir stýra þættinum Geggjaðar græjur sem hefur göngu sína á Stöð 2 þriðjudaginn 11. febrúar. Þar munu þeir gefa áhorfendum innsýn í nýjustu græjur og afrek á sviði vísinda og leggja áherslu á mikilvægi þeirra.

Tveir fyrir einn

„Við förum á stúfana og skoðum allt sem er nýtt í græjuheiminum. Umfjöllunarefnið er fjölbreytt og skemmtilegt og upplýsir áhorfandann um nýsköpun og vísindi,“ segir Bjarni Hedtoft Reynisson, annar þáttastjórnendanna.

„Þátturinn er fyrir alla, einnig þá sem hafa enga reynslu af vísindum í daglegu lífi. Við munum fjalla um nýjar græjur eða uppfinningar sem hafa ekki

sést áður, skemmtilega hluti sem bæta lífsgæði og gefa bros á vör, athyglisverðar og ótrúlegar rannsóknir, græjur sem koma á óvart og jafnvel fáránlegar uppfinningar sem enginn hefði getað séð fyrir. Svo prófum við líka græjurnar og þar sem það er svo mikið til af geggjuðum græjum þarf tvo þáttastjórnendur. Við erum líka svona tveir fyrir einn dæmi,“ segir hinn þáttastjórnandinn, Davíð Hedtoft Reynisson.

„Það fæst svo góður samanburður á vörum þegar þær eru prófaðar á tvíburum. Í þáttunum prófum við til dæmis tvö sjálfsmælingartæki sem mæla svefn, hreyfingu, kaloríuinntöku og fleira og svo berum við þau saman. Svo keppum við hvor á móti öðrum þegar við prófum græjurnar. Við reynum svo bara að skemmta okkur og áhorfendum um leið og við upplýsum fólk um allt það mest spennandi í græjuheiminum.“

Ekki flókið mál

Geggjaðar græjur verður ekki flókin tækniþáttur fyrir sérfræðinga eða vísindamenn. Hver þáttur hefur sína yfirskrift eins og til dæmis vélmenni, sjálfsmælingar, greind heimili og hátæknifatnaður.

„Við þurfum ekki að vita allt um græjuna til að geta fjallað um hana. Það verður ekkert hátæknital eða verið að greina græjuna í smáatriðum, þetta verður meira svona „Sjáði þetta, þetta er geggjuð græja!““ segir Davíð.

Næstfyndnastir í Danmörku

Lögð er áhersla á skemmtanagildi þáttanna en þeir Bjarni og Davíð vöktu athygli þegar þeir sigruðu í keppninni „Næstfyndnustu menn Danmerkur“ sem Casper Christiansen, annar aðalleikaranna úr Klovn,

stóð fyrir. „Við sendum inn brandara og svo snerist keppnin um það að fá sem flest „like“ frá Casper. Við fengum þúsund „like“ og urðum „Næstfyndnustu menn Danmerkur“, Casper Christiansen er auðvitað sá fyndnasti,“ segja bræðurnir og brosa.

Lífið hefur uppá margt að bjóða

Þeir Davíð og Bjarni voru með vikulega neytendabætti í danska sjónvarpinu á árunum 2005 til 2006 þar sem þeir gerðu alls kyns prófanir á sjálfum sér. „Við fórum til dæmis báðir í klippingu, annar okkar fór á flotta, dýra stofu og hinn á ódýra. Svo spurðum við fólk á götunni hvort það sæi muninn. Við byggjum Geggjaðar græjur upp að einhverju leyti á þessari hugmynd. Lífið hefur uppá margt ótrúlegt að bjóða ef maður bara opnar augun.“

Mannbætandi upplýsingar

2 HEILSUGENGID
FIMMTUDAGA KL. 20:05

Vala Matt er umsjónarmaður Heilsugengisins en þær Þorbjörg Hafsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur og næringarþerapisti, og heilsu- og hráfæðiskokkurinn Sólveig Eiríksdóttir eru henni til halds og trausts. Vala segist hafa lært mikið við gerð þáttanna. „Þegar ég var undir hvað mestu vinnuálagi hrundi ég niður vegna svokallaðs „dugnaðar.“ Þá var það ákveðinn matur sem var mikilvægastur í því að gefa mér aftur fyrri orku og heilsu. Ég hef unnið að því að sigrast á svokallaðri síþreytu undanfarið ár og þakka breyttu mataræði og lífsstíl hve vel mér hefur gengið í þeirri baráttu. Í þessum sjónvarpsþáttum hef ég verið að læra nýja og ótrúlega hluti um áhrif og mátt svokallaðs „ofurfæðis“ sem mun gagnast mér um ókominn tíma,“ segir Vala.

„Í næsta þætti sem verður í kvöld, fimmtudaginn 30. janúar, fáum við að heyra ótrúlega reynslusögu viðskiptafræðingsins Önnu Þóru Ísfold. Hún breytti mataræðinu sínu og tekur aukaskammta af D-vít-

amíni og omega 3 fitusýrum. Við það finnur hún ekki lengur fyrir þunglyndi sem hún þjáðist af áður. Við heimsækjum þá Bergþór Pálsson og Albert Eiríksson og Þorbjörg gefur þeim góð matarráð til að sigrast á of háum blóðþrýstingi og stressi og orkuleysi. Svo býr Solla heilsukokkur til dýrindis mat fyrir þá.“

Vala segir að í þáttunum komi fram mannbætandi upplýsingar sem allir geti lært af til þess að gera hversdaginn hollari og koma jafnvel í veg fyrir ýmis heilsuvandamál. „Í þáttunum eigum við eftir að heyra reynslusögu meðal annars af því hvernig fólk hefur lagast af mígreni, algjöru niðurbroti á orku út af streitu, slæmum húðvandamálum og einnig hvernig fólk hefur sigrast á slæmri vöðvabólgu, liðagigt, húðvandamálum og fleiru. Þá segir móðir frá því hvernig hún heldur niðri einkennum tourette-sjúkdómsins hjá syni sínum með alveg ákveðnu mataræði. Þetta er alveg magnað og ótrúlega skemmtilegt,“ segir Vala.



dellu

Sanngjarn og heiðarlegur þáttur

Það kveður við nýjan tón í fréttu- og þjóðmálaþættinum *Mín skoðun* sem Mikael Torfason hefur umsjón með. Þátturinn hefst í febrúar.

2 MÍN SKOÐUN
HEFST 2. FEBRÚAR



Þátturinn *Mín skoðun* í umsjón Mikael Torfasonar, aðalritstjóra fréttamiðla 365, hefst sunnudaginn 2. febrúar klukkan eitt og verður í opinni dagskrá. „Þetta er fréttu- og þjóðmálaþáttur þar sem farið verður yfir málefni líðandi stundar. Þátturinn er hefðbundinn umræðuþáttur um stjórnmál og önnur þjóðmál með þeirri undantekningu að þáttastjórnandinn hefur skoðun og tekur virkan þátt,“ segir Mikael. „Ég hef lengi ritstýrt dagblöðum og hef komið minni skoðun á framfæri í ákveðnum hluta blaðanna, í leiðara eða í skoðanahluta blaðanna. Hugmyndin með þættinum er að færa þann hluta dagblaðanna í sjónvarp. Flest dagblöð hafa fasta penna sem skrifa greinar þar sem þeirra sjónarmið fá að heyrast, það verður eins í þættinum, þar verða fastir gestir sem fá að segja sína skoðun á mönnum og málefnum.“

Sérfræðingar þáttarins eru þau Elliði Vignisson, Svandís Svavarsdóttir, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Katrín Júlíusdóttir og Vigdís Hauksdóttir. Gaukur Úlfarsson sér um dagskrárgerð en um ritstjórn þáttarins sjá blaða- og fréttamenn 365-miðla auk Bergs Ebba Benediktssonar.

„Þó ég fái að hafa mína skoðun í þættinum kemur það ekki í veg fyrir að ég geti tekið viðtöl við fólk. Gestir þáttarins fá raunverulega að segja sína hlið, þátturinn á að vera sanngjarn og heiðarlegur og við munum leita sannleikans,“ segir Mikael.

Hann segir kveða við nýjan tón í þættinum sem verður að erlendri fyrirmynd og sambærilegur þáttum Piers Morgan á CNN, Bills O'Reilly á Fox eða jafnvel Meet the Press á NBC. „Í þættinum verða mikilvæg samfélagsmál krufin og þau rædd frá öllum hliðum. Þetta verður sanngjarn og heiðarlegur þáttur fyrir alla sem láta sig þjóðmál á Íslandi varða.“



Ólafur Darri í Banshee á sunnudagskvöld á Stöð 2

Ólafur Darri Ólafsson verður í stóru hlutverki í næsta þætti af *Banshee*, sem sýndur verður á Stöð 2 sunnudaginn 2. febrúar.

Í síðasta þætti var indíánastelpa Lana Cleary myrt á hrottafenginn hátt og lögreglumaðurinn Lucas Hood er að rannsaka málið. Kærasti hennar, Solomon Bowman, er horfinn en hann er Amish-trúar. Það er eldfimt ástand í *Banshee* í kjölfarið þar sem blóðheitar indíánar eru í hefndarhug og kenna Amish-stráknum um morðið.

Ólafur Darri leikur Jonah Lambrecht, strangan kennara í Amish-samfélaginu, sem gæti varpað ljósi á morðið og hvarf Solomons.

Þátturinn er sýndur á Cinemax í Bandaríkjunum á föstudagskvöld og á Stöð 2 innan við tveimur sólarhringum síðar, á sunnudagskvöld klukkan 23.05.



BROT AF ÞVÍ BESTA 2.-8. FEBRÚAR

SUNNUDAGUR 2. FEBRÚAR

Banshee (4:10)
Stöð 2 kl. 23.05



Ólafur Darri leikur stórt hlutverk í þessum þætti. Hann leikur kennara á meðal Amish-fólks sem gæti varpað nýju ljósi á morðrannsókn.



Mín skoðun - Mikael Torfason
Stöð 2 kl. 13.00
Þjóðmálapáttur í umsjá Mikael Torfasonar, aðalritstjóra fréttamiðla 365, í opinni dagskrá.

The Tunnel (10:10)
Stöð 2 kl. 20.55

Lokapátturinn í spennandi þáttaröð þar sem eltingaleikurinn við "sannleiksmorðingjann" nær hámarki.

The Following (2:15)
Stöð 2 kl. 22.20



Önnur þáttaröðin af þessum frábæra spennuþætti með Kevin Bacon í aðalhlutverki.


Super Bowl 2014
Stöð 2 Sport kl. 23.00

Bein útsending frá einum stærsta íþróttaviðburði ársins þegar Denver Broncos og Seattle Seahawks mætast í úrslitum NFL-deildarinnar.

Taken 2
Bíóstöðin kl. 22.00
Spennumynd frá 2012 með Liam Neeson í aðalhlutverki.

Mindy Project (21:24)
Stöð 3 kl. 21.20
Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástarlífinu.

Hetjur Valhallar - Þór
Krakkastöðin kl. 19.00



Frábær teiknimynd í leikstjórn Óskars Jónassonar. Hér segir af uppveiti þrumuguðsins Þórs.

MÁNUDAGUR 3. FEBRÚAR

Enska úrvalsdeildin
Stöð 2 Sport kl. 19.50



Bein útsending frá toppslag Manchester City og Chelsea í ensku úrvaldeildinni. Messan með Gumma Ben hefst síðan strax að leik loknum, eða klukkan 22.00.

Eitthvað annað
Stöð 2 kl. 19.20
Lóa Pind Aldísardóttir fjallar um fólkíð á bak við íslensk sprotafyrirtæki.

Nashville (5:20)
Stöð 2 kl. 20.40
Skemmtileg þáttaröð með Connie Britton, Hayden Panettiere í aðalhlutverkum.

Mayday (2:5)
Stöð 2 kl. 21:25



Vönduð bresk sakamálaþáttaröð sem sýnd var á BBC.

The Messenger
Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.35
Áhrifamikil mynd með Woody Harrelson, Ben Foster og Samantha Morton í aðalhlutverkum.

Offspring (8:13)
Stöð 3 kl. 20.05



Áströlsk þáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna í heimalandinu.

Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið
Krakkastöðin kl. 19.00



Frábær kvikmynd fyrir alla fjölskylduna um þá Sveppa, Villa og Góa og ævintýri þeirra. Að þessu sinni liggur leið þeirra á hótél þar sem dularfullir atburðir hafa átt sér stað.

ÞRIÐJUDAGUR 4. FEBRÚAR

Rake (2:13)
Stöð 2 kl. 21.35



Frábærir þættir með Greg Kinnear í aðalhlutverki og fjalla um bráðsnjallan lögfræðing sem er mikill syndaselur og sjálfum sér verstur.

Á fullu gazi
Stöð 2 kl. 20.05
Fjörugur og skemmtilegur bílapáttur þar sem stíklað er á stóru í bílaheiminum.

The Big Bang Theory (11:24)
Stöð 2 kl. 20.30



Vinsælasta gamanþáttaröð í heimi. Gáfnaljósir Leonard og Sheldon eru afburðasnjallir eðlisfræðingar en kunna ekkert á kvenfólk.

The Mentalist (8:22)
Stöð 2 kl. 20.50
Það er komið að uppgjörinu milli Patrick Jane og morðingjans Red John.

Nikita (22:23)
Stöð 3 kl. 21.35



Spennandi þáttaröð um unga konu sem vann fyrir leynilega stofnun en hefur nú sagt henni stríð á hendur.

Þýski handboltinn
Stöð 2 Sport kl. 19.10
Bein útsending frá leik Gummersbach og Kiel. Aron Pálmarrson og Guðjón Valur Sigurðsson leika með Kiel og Alfréð Gíslason er þjálfari liðsins.

Margin Call
Bíóstöðin kl. 15.00 og 20.15



Mögnuð mynd sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna fyrir besta kvikmyndahandritið.

MÍÐVIKUDAGUR 5. FEBRÚAR

Kolla
Stöð 2 kl. 20.05



Vandaður og fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ætlar að spjalla við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

Lærkevej (8:12)
Stöð 2 kl. 21.20
Skemmtileg, dönsk þáttaröð með blöndu af gamni og alvöru. Íbúarnir við Lærkevej eru skrautlegir og búa allir yfir einhverju leyndarmáli.

Úti er ævintýri 2
Krakkastöðin kl. 19.00
Frábær teiknimynd þar sem ævintýrin halda áfram að blandast saman og þekktar ævintýrapersónur að ruglast í ríminu.

Þýski handboltinn
Stöð 2 Sport kl. 19.10



Bein útsending frá Íslendinga-slag Flensburg og Rhein-Neckar Löwen í þýsku úrvalsdeildinni. Ólafur Gústafsson leikur með Flensburg en Stefán Rafn Sigurmannsson og Alexander Petersson leika með Löwen og Guðmundur Guðmundsson er þjálfari liðsins.

Arrow (12:23)
Stöð 3 kl. 20.45
Önnur þáttaröðin um ungan milljónamæring og glaugmosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og talinn af. Núna er hann í hefndarhug og berst gegn glæpum og spillingu.



Ísland Got Talent Stöð 2 sunnudag kl. 19.50

Fjórið heldur áfram í skemmtilegasta sjónvarpsþætti vetrarins. Bubbi Morthens, Þórunn Antonía, Þorgerður Katrín og Jón Jónsson skipa dómnefndina og eins og áhorfendur sáu í fyrsta þættinum þá sýna þau keppendum enga miskunn. Það er til mikils að vinna því sigurvegarinn í Ísland Got Talent hlýtur 10 milljónir króna í verðlaun.



Hanna
Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.15



Merkileg saga 16 ára stúlku sem elst upp hjá föður sínum sem þjálfar hana til að verða leigumorðingi.

Örlogadagurinn
Gullstöðin kl. 21.15



Sigríður Arnardóttir, Sirry, ræðir við Guðlaug Þór Garðarsson um örlogadaginn í lífi hans; daginn sem gerbreytti öllu.

FIMMTUDAGUR 6. FEBRÚAR

Heilsugengið
Stöð 2 kl. 20:05



Vandaður og fróðlegur þáttur sem fjallar um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti.

NCIS: Los Angeles (24:24)
Stöð 2 kl. 21.55



Lokapátturinn í þriðju þáttaröð þessarar vinsælu spennuþáttaraðar. Með aðalhlutverk fara Chris O'Donnell og LL Cool J.

Meistaradeildin í hestaíþróttum
Stöð 2 Sport kl. 19.00



Bein útsending frá keppni í gæðingafimi í Meistaradeildinni í hestaíþróttum.

Saw VI
Stöð 2 kl. 22.40
Hrollvekjandi spennumynd frá 2009 með Tobin Bell, Costas Mandylor og Mark Rolston í aðalhlutverkum.

Djúpið
Bíóstöðin kl. 22.00 og 02.50



Mögnuð mynd Baltasars Kormáks með Ólafi Darra Ólafssyni í aðalhlutverki. Myndin hlaut alls 11 Edduverðlaun 2013.

FÖSTUDAGUR 7. FEBRÚAR

Batman Returns
Stöð 2 kl. 20.30



Ævintýramynd frá 1992 með Michael Keaton, Danny DeVito og Michelle Pfeiffer í aðalhlutverkum.

Spurningabomban
Stöð 2 kl. 19.45
Logi Bergmann Eiðsson stjórnar skemmtilegum spurningaþætti.

Stolen
Stöð 2 kl. 22.35



Spennumynd frá árinu 2012 með Nicolas Cage, Malin Akerman og Josh Lucas í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Simon West.

Igor
Krakkastöðin kl. 19.00
Skemmtileg teiknimynd með íslensku tali um brjálaða vísindamenn og hjálparhellur þeirra.

Setningarathöfn Ólympíuleikanna í Sochi 2014
Stöð 2 Sport kl. 16.00
Bein útsending frá setningarathöfn Ólympíuleikanna í Sochi.

Cloud Atlas
Bíóstöðin kl. 22.00 og 04.15



Mögnuð mynd með Tom Hanks, Halle Berry og Hugh Grant. Sagðar eru sex sögur á mismunandi tíma og stað en þær tengjast saman á margbrotinn hátt.

LAUGARDAGUR 8. FEBRÚAR

Enska úrvalsdeildin
Stöð 2 Sport 2 kl. 12.35



Bein útsending frá stórleik Liverpool og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

Modern Family (13:22)
Stöð 2 kl. 18.55
Bráðskemmtileg gamanþáttaröð um skrautlega fjölskyldu sem lendir í ótrúlegustu upþákomum.

Big Mommas: Like Father, Like Son
Stöð 2 kl. 20.10
Gamanmynd frá 2011 með Martin Lawrence og Brandon T. Jackson í aðalhlutverkum.

Hitchcock
Stöð 2 kl. 21.55



Stórmynd frá 2012 með Anthony Hopkins, Helen Mirren og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum.

ParaNorman
Krakkastöðin kl. 19.00
Skemmtileg og spennandi teiknimynd um ungan strák sem býr yfir þeim merkilega eiginleika að geta talað við hina framliðnu!

Behind The Candelabra
Bíóstöðin kl. 22.00



Stórbrotin mynd með Michael Douglas og Matt Damon í aðalhlutverkum.



FRÖNSK KVIKMYNDAVEISLA Á MIÐVIKUDÖGUM Á STÖÐ 2

La princesse de Montpensier (The Princess of Montpensier)
Miðvikudaginn 5. febrúar kl. 22.50
Frönsk stórmynd frá 2010 með Mélanie Thierry, Lambert Wilson og Gaspard Ulliel í aðalhlutverkum.

Joueuse (Queen to Play)
Miðvikudaginn 12. febrúar kl. 23.05
Frönsk kvikmynd frá 2009 með Sandrine Bonnaire, Kevin Kline og Valérie Lagrange í aðalhlutverkum.

Les émotifs anonymes (Romantics Anonymous)
Miðvikudaginn 19. febrúar kl. 23.05
Frönsk gamanmynd frá 2010 með Benoît Poelvoorde, Isabelle Carré og Lorella Cravotta í aðalhlutverkum.

La proie (The Prey)
Miðvikudaginn 26. febrúar kl. 23.05
Frönsk spennumynd frá 2011 með Albert Dupontel, Alice Taglioni og Stéphane Debac í aðalhlutverkum.

AFBURÐAGÓÐIR ÞÁTTTAKENDUR

sem gætu keppt
hvar sem er í
heiminum

2 ÍSLAND GOT TALENT
SUNNUDAGA KL. 19.50

Bubbi Morthens segist ekki hafa átt von á að finna svo hæfileikaríkt fólk í þáttunum Ísland Got Talent sem raun varð á. Hann segir að það muni koma áhorfendum á óvart.

Bubba Morthens fannst fyrsti þátturinn í Ísland Got Talent koma mjög vel út og segir hamingjuóskum hafa rignt yfir sig eftir hann. „Það virðist vera almenn gleði og kátína með þáttinn. Ég tel okkur vera með frábæran fjölskylduþátt í höndunum þar sem allir á heimilinu geta sest niður á sunnudagskvöldum og átt góða stund saman og haft gaman af. Fólk getur átt von á ýmsu í framhaldinu,“ segir Bubbi.

Krúttsprengrur og flinkt fólk

„Það eru keppendur á öllum aldri í þáttunum, alveg niður í sjö ára aldur. Sum atriðin eru alveg yndisleg, það eru þarna litlar krúttsprengrur sem skilja mann eftir alveg skælbrosandi. Svo verður líka fólk í þáttunum sem er svo flinkt og flott í því sem það er að gera að það skilur fólk eftir orðlaust. Í bland við það eru svo aðrir sem eru ekki eins góðir en gefa þáttinum engu að síður skemmtanagildi.“

Nokkrir mögulegir sigurvegarar

Aðspurður segist Bubbi ekki vera búinn að sjá neinn einn sigurvegara. „Það voru margir sem komu á óvart og lofuðu góðu strax í upphafi. Svo eru þarna nokkrir sem koma til greina sem sigurvegarar. Þetta er alveg óþekkt fólk og tveir þessara þátttakenda eru mjög ungir. Þessir keppendur koma þó ekki fram alveg strax en áhorfendur gætu séð einhverjum bregða fyrir í næsta þætti. Þetta fólk er afburðagott í því sem það er að gera og er langt fyrir ofan meðaltal. Þau eru það góð að þau gætu verið að keppa í þessu hvar sem er í heiminum. Ég átti alls ekki von á því að finna

fólk á þessum skala í keppninni hér á landi. Það er hópur af flottum krökkum í þáttunum sem áhorfendur eiga eftir að sjá og þau eiga eftir að koma fólki verulega á óvart.“

Ekki hægt að syngja hvað sem er

Í fyrsta þáttinum var Bubbi ákveðinn og nokkuð harður í sumum tilfellum. Meðdómarar hans voru alls ekki sammála honum í nokkrum tilvikum. Sérstaklega átti það við þar sem ung stúlka söng lagið House of the Rising Sun. Þær Þórunn Antonía og Þorgerður Katrín sögðu báðar „já“ og fannst hún standa sig mjög vel. Bubbi var því ekki sammála og sagði „nei“ eins og Jón Jónsson.

„Fólk getur ekki komið og sungið hvað sem er. Það á sín uppáhaldslög og ákveður að syngja þau en á ekki endilega inni fyrir þeim. Þessir sömu einstaklingar eiga hins vegar kannski inni fyrir einhverjum öðrum lögum. House of the Rising Sun er mjög þekkt lag sem allir geta sungið í tjaldi en það eru bara örfáir sem geta gert það vel. Svo kemur þarna sextán ára stelpa sem ákveður að syngja þetta lag en á ekki inni fyrir

því. Þess vegna sagði ég nei við hana. Ég heyrði samt alveg að hún gat sungið þannig að við ákváðum að gefa henni annað tækifæri og ég fór því og náði í hana. Hún söng seinna lagið vel og komst áfram.“

Eins og í spilltu prófkjöri

Á fyrri stigum keppinnar hafa dómarnir vald til að grípa inn í og gefa fólki tækifæri ef þeim sýnist svo. Þegar komið er í beinu útsendingarnar þá er það hins vegar fólkið í landinu sem velur. „Við dómarnir verðum áfram til staðar og segjum okkar skoðun en í beinu útsendingunum verður þetta orðið að símakosningu og verður eins og prófkjör í spilltum, íslenskum stjórnmálaflokki. Við gerum okkur grein fyrir að ákveðin smölun á eftir að fara í gang en þetta verður alla vega sanngjarnt, það sama gengur yfir alla. Það er líka þetta sem er svo spennandi við þetta, við sleppum hendinni af þessu og sjáum hvað gerist. Við höfum samt áfram tækifæri til að hafa áhrif, við getum jafnvel „x-að“ fólk í undanúrslitum þannig að það getur allt gerst.“

VILD

STÓRLÆKKAÐ VERÐ!

Vildaráskrifendur fá stórlækkað verð
á þessum hágæða Samsung sjónvarpstækjum



Samsung Sjónvarp 46" LED

- 46 tommur
- LED
- Clear Motion Rate: 100 Hz
- Upplausn: 1920 x 1080p Full HD

199.900 kr.

Vildarverð

154.900 kr.

SPARAÐU
45.000
KR!



Samsung Sjónvarp 46" LED 3D

- 46 tommur
- LED 3D Smart TV
- Clear Motion Rate: 1000 Hz
- Upplausn: 1920 x 1080p Full HD
- Baklýsing
- Hreyfiskynjari

499.900 kr.

Vildarverð

349.900 kr.

SPARAÐU
150.000
KR!


SAMSUNG SETRIÐ

samsungsetrid.is



Vildaráskrifendur spöruðu yfir 7 milljónir kr.
í desember en það jafngildir tæplega 1.000
mánaðaráskriftum að Skemmtipakkanum!

Hægt er að ganga frá kaupum í Samsung Setrinu Síðumúla 9 og hjá 365 í Skaftahlíð 24



176 KEPPENDUR BERJAST UM 10 MILLJÓNIR


Ísland Got Talent fór frábærlega af stað á Stöð 2 sl. sunnudag og stimplaði sig inn sem einn stærsti og flottasti sjónvarpsþáttur í sögu Stöðvar 2. Alls stíga 176 einstaklingar á svið í keppninni og sýna hvað í þá er spunníð.

Mikil eftirvænting hefur verið eftir þessu verkefni sem er það stærsta sem Stöð 2 hefur ráðist í frá upphafi. Það hófst með hringferð um landið í leit að hæfileikaríku fólki og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Tæplega eitt þúsund manns komu til að freista gæfunnar í von um að komast áfram og eiga möguleika á því að vinna 10 milljónir króna sem sigurvegarinn hlýtur í vor.

Alls voru 120 atíði sem komust áfram í sjálfa sjónvarpsþættina en upptökur á fyrstu þáttunum fóru fram í

Austurbæ í byrjun desember. Eftir undankeppnina komast aðeins þeir bestu áfram og undanúrslitin og sjálft úrslitakvöldið verða sýnd í beinni útsendingu.

Eins og sjá má á myndunum hér á opnunni eru keppendurnir eins ólíkir og þeir eru margir. Þeir eru á aldrinum 7 til 56 ára og búa yfir mismunandi hæfileikum. Stór hópur lætur reyna á tónlistarhæfileika sína en einnig mæta dansarar, eftirhermur, grínistar, töframenn, loftfimeikafólk og ýmsir fleiri til leiks.



BROT AF ÞVÍ BESTA 9.–15. FEBRÚAR

SUNNUDAGUR 9. FEBRÚAR

Ísland Got Talent
Stöð 2 kl. 19.50



Hugrakkir og hæfileikaríkir Íslendingar freista þess að komast áfram í skemmtilegustu keppni á Íslandi í dag.

Breathless (6:6)
Stöð 2 kl. 20.40

Lokapátturinn í þessum magnaða breska myndaflokk um læknana og hjúkurnar í London á sjöunda áratug síðustu aldar.

The Following (3:15)
Stöð 2 kl. 21.25

Kevin Bacon í hörkuspennandi þáttum um fyrrverandi alríkislögreglumann sem eltist við hættulegan morðingja.

Banshee (5:10)
Stöð 2 kl. 22.15



Mögnuð þáttaröð um fyrrverandi fanga sem nú er lögreglustjóri í smábæ þar sem allt er á suðupunkti.

Brickleberry
Stöð 3 kl. 20.35
Bráðfyndin teiknimyndasería fyrir fullorðna.

Litla stóra pandan
Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg teiknimynd með íslensku tali um lítinn pandabjörn sem er staðráðinn í að bjarga heimkynnum sínum.



Enska úrvalsdeildin
Stöð 2 Sport kl. 13.20



Gylfi Sigurðsson og félagar hans í Tottenham heimsækja Everton í ensku úrvalsdeildinni.

MÁNUDAGUR 10. FEBRÚAR

True Detective (4:8)
Stöð 2 kl. 21.30



Magnaðir þættir með Woody Harrelson og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum.

Mayday (3:5)
Stöð 2 kl. 22.25

Bresk þáttaröð sem gerist í smábæ þar sem allt lífið fer á annan endann eftir að ung stúlka hverfur.

The Vampire Diaries (1:22)
Stöð 2 kl. 21.30



Fyrsti þátturinn í þriðju þáttaröðinni um ungu vampírurnar í Mystic Falls.

Latabæjarhátíð í Höllinni
Krakkastöðin kl. 19.00

Upptaka frá barnaskemmtun þar sem íbúar Latabæjar koma fram ásamt góðum gestum.

Mary and Martha
Bíóstöðin kl. 22.00
Áhrifamikil mynd um tvær konur



sem báðar hafa misst ástvini og glíma við sorgina.

Ally McBeal (16:23)
Gullstöðin kl. 22.10



Ein af bestu þáttaröðum fyrri ára er rifjuð upp. Calista Flockhart er frábær í hlutverki lögræðingsins Ally McBeal.

Dominos deildin
Stöð 2 Sport kl. 19.00

Bein útsending frá leik Hauka og Stjórnunnar í Dominos deild karla í körfuknattleik.

ÞRIÐJUDAGUR 11. FEBRÚAR

Geggjaðar græjur (1:8)
Stöð 2 kl. 20.05



Skemmtilegur þáttur þar sem fjallað er um nýjustu græjur og afrek á sviði vísinda. Umsjónarmenn þáttanna eru bræðurnir Bjarni og Davíð Hedtoft Reynissynir.

The Big Bang Theory (12:24)
Stöð 2 kl. 20.25

Frábærir gamanþættir sem sýndir eru strax í kjölfar sýninga þáttanna í Bandaríkjunum.

The Mentalist (9:22)
Stöð 2 kl. 20.45



Það er nýr kafli að hefjast hjá Patrick Jane og sagan hoppar fram um tvö ár.

Rake (3:13)
Stöð 2 kl. 21.30
Greg Kinnear fer á kostum sem lögræðingurinn Keegan Deane.

Girls (6:12)
Stöð 2 kl. 22.15



Stórskemmtilegir þættir um nokkrar vinkonur í New York og samskipti þeirra við hitt kynið.

Ted
Bíóstöðin kl. 22.00
Gamanmynd með Mark Wahlberg í aðalhlutverki.

Priðjudagskvöld með Frikka Dór
Stöð 3 kl. 21.15



Það er mikið fjör hjá þeim Frikka Dór og Ása sem slá á léttu strengi með góðum gestum á Stöð 3.

Léttir sprettir

Stöð 2 miðvikudag kl. 20.25

Friðrika Hjördís Geirsdóttir, betur þekkt sem Ríkka, mætir með nýjan þátt á Stöð 2. Í þættinum verður fjallað um almennar íþróttir sem fólk er að stunda. Farið verður yfir þann búnað sem mælt er með að fólk eigi til að stunda íþróttina og hvernig þjálfun er æskileg til að ná betri árangri og koma í veg fyrir meiðsl. Ríkka kemur til dæmis til með að kynna sér hlaup, skíðaíþróttir, hjólreiðar, fjallgöngur, sund, íþróttir fyrir alla fjölskylduna, crossfit, jóga sem og aðrar íþróttir sem eiga upp á pallborðið hjá sem flestum. Einnig verður áhersla lögð á næringu og kynningu á hinum helstu næringarefnum. Hvað eru kolvetni, D-vítamín og prótín svo dæmi séu tekin. Í lok þáttanna verður svo matreiddur hollur réttur sem er stútfullur af næringarefnum. Rauði þráðurinn í þættinum er að hvetja fólk til þess að standa upp úr stólnum og finna íþrótt sem hentar viðkomandi og bera með því ábyrgð á eigin heilsu og jákvæðara samfélagi.

MIÐVIKUDAGUR 12. FEBRÚAR

Heimsókn
Stöð 2 kl. 20.05



Sindri Sindrason snýr aftur eftir stutt hlé og heldur áfram að taka hús á fagurkerum. Hönnun og arkitektúr eru skoðuð vel auk þess sem húsráðandi gefur góð ráð varðandi hús og híbýli.

The Face (6:8)
Stöð 2 kl. 20.50
Naomi Campbell, Caroline Winberg og Erin O'Connor eru liðsstjórar í skemmtilegri keppni þar sem efnilegar stúlkur reyna að slá í gegn.

Joueuse
Stöð 2 kl. 23.05
Frönsk mynd frá 2009 með Sandrine Bonnaire og Kevin Kline í aðalhlutverkum.

Sleepy Hollow (13:13)
Stöð 3 kl. 21.30



Lokapátturinn í æsispennandi þáttaröð sem byggð er á klassískri sögu. Þetta eru þættir sem hafa slegið í gegn í vetur.

Cold Feet (6:6)
Gullstöðin kl. 21.45
Fimmta þáttaröðin af þessum bráðskemmtilegu bresku þáttum sem fjalla um fólk á fertugsaldri sem tekst á við raunir dagsins, hvert með sínum hætti.

Alvin og íkornarnir 3
Krakkastöðin kl. 19.00
Skemmtileg fjölskyldumynd. Í þetta sinn þurfa Alvin og íkornarnir að spara sig á eyði-eyju eftir að þeir falla óvart frá borði ásamt íkornastelpunum.



The Adjustment Bureau

Bíóstöðin kl. 20.15

Matt Damon og Emily Blunt eru í aðalhlutverkum í þessari rómantísku spennumynd um elskendur sem ekki mega eigast.



RISARNIR MÆTAST

Heil umferð fer fram í ensku úrvalsdeildinni á þriðjudag og miðvikudag. Stórleikur umferðarinnar er viðureign Arsenal og Manchester United á miðvikudag. Bein útsending hefst á Stöð 2 Sport 2 klukkan 19.35. Aðrir leikir á sama tíma eru:

- Fulham - Liverpool
- Everton - Crystal Palace
- Newcastle - Tottenham
- Manchester City - Sunderland
- Stoke City - Swansea



FIMMTUDAGUR 13. FEBRÚAR

NCIS (1:24)

Stöð 2 kl. 21.15



Vinsælasta leikna þáttaröðin í bandarísku sjónvarpi snýr aftur á Stöð 2.

Heilsugengið

Stöð 2 kl. 20.05

Vala Matt, Þorbjörg Hafsteinsdóttir og Sóveig Eiríksdóttir fjalla um mataræði og lífsstíl í fróðlegum þáttum.

Masterchef USA (7:25)

Stöð 2 kl. 20.30

Kjaffori kokkurinn Gordon Ramsey fer fyrir dómariðinu í þessum fjöregu matreiðsluþáttum.

Person of Interest (4:23)

Stöð 2 kl. 22.00



Magnaður spennumyndaflokkur með Jim Caviezel í aðalhlutverki.

Paranormal Activity

Stöð 2 kl. 22.45

Spennandi hrollvekja sem fær hárin til að rísa.

Shameless (11:12)

Stöð 3 kl. 21.25



Frábær þáttaröð um skrautlega fjölskyldu þar sem mamman er flúin að heiman, pabbinn er alkóhólisti og krakkarnir bjarga sér sjálfir.

Ávaxtakarfan

Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg íslensk barnamynd þar sem áhorfendur fá að kynna íbúunum í Ávaxtakörfunni.

Game of Thrones (7:10)

Gullstöðin kl. 22.10



Upphitunin er hafin á þessari frábæru þáttaröð. Nýir þættir eru væntanlegir á Stöð 2 í byrjun apríl.

FÖSTUDAGUR 14. FEBRÚAR

The Deep Blue Sea

Stöð 2 kl. 22.30



Rómantísk mynd frá 2001 með Rachel Weisz og Tom Hiddleston í aðalhlutverkum. Eiginkona dómara fellur fyrir orrustuflugmanni.

The Simpsons

Stöð 2 kl. 19.20

Glæný þáttaröð með Hómer Simpson og öllum hinum skrautlegu íbúunum í Springfield.

Spurningabomban

Stöð 2 kl. 19.45



Skemmtilegasti spurningaleikur landsins. Logi Bergmann fær valinkunna einstaklinga til að glíma við misviturlegar spurningar í lauflettum leik.

Batman Forever

Stöð 2 kl. 20.30

Ævintýramynd frá 1995 með Val Kilmer, Tommy Lee Jones, Jim Carrey, Nicole Kidman og Chris O'Donnell í aðalhlutverkum.

Super Fun Night (15:17)

Stöð 3 kl. 20.05

Bráðfyndnir gamanþættir um þrjár vinkonur sem halda fast í þá hefð að skemmta sér ærlega á föstudagskvöldum.

Fjörfiskarnir

Krakkastöðin kl. 19.00



Skemmtileg teiknimynd sem fjallar um lítinn hákarl sem getur lífað og gengið á þurru landi í nokkra tíma í senn.

Killing Them Softly

Bíóstöðin kl. 22.00

Spennumynd með Brad Pitt og Ray Liotta í aðalhlutverkum.

Twenty Four (18:24)

Gullstöðin kl. 22.10



Frábær spennuþáttaröð með Kiefer Sutherland í aðalhlutverki.

LAUGARDAGUR 15. FEBRÚAR

A Good Day To Die Hard

Stöð 2 kl. 21.40



Spennumynd frá 2013 með Bruce Willis í aðalhlutverki. Núna heldur John McClane til Moskvu þar sem sonur hans er í vandræðum.

Two and a Half Men (6:22)

Stöð 2 kl. 19.15

Gamanþáttur af bestu gerð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.

Spaugstofan

Stöð 2 kl. 19.45

Spaugstofumenn skoða fréttir vikunnar í spéspegli eins og þeim einum er lagið.

Cheerful Weather for the Wedding

Stöð 2 kl. 20.10



Rómantísk gamanmynd frá 2012 um unga konu sem er að fara að gifta sig en fær alvarlega bakþanka á brúðkaupsdaginn.

Raising Hope

Stöð 3 kl. 20.10

Bráðskemmtileg gamanþáttaröð um ungan mann sem stendur óvænt uppi sem faðir og þarf að standa sig í stykkinu.

I Melt With You

Stöð 3 kl. 22.15



Kvikmynd frá 2011 með Thomas Jane, Rob Lowe og Jeremy Piven í aðalhlutverkum.

Playing For Keeps

Bíóstöðin kl. 20.15



Rómantísk gamanmynd frá 2012 með Gerard Butler, Jessicu Biel, Uma Thurman, Catherine Zeta-Jones og Dennis Quaid í aðalhlutverkum.

FA bikarinn

Stöð 2 Sport kl. 17.10

Bein útsending frá stórleik Manchester City og Chelsea í 16 liða úrslitum FA bikarkeppinnar.

ÓSKARSVERÐLAUNAMYNDIR Á BÍÓSTÖÐINNI Í FEBRÚAR

Í hverjum mánuði eru sýndar rúmlega 180 kvikmyndir á Bíóstöðinni og í febrúar verða fjölmargar verðlaunamyndir á dagskrá. Óskarsverðlaunahátíðin er fram undan og af því tilefni verða sýndar fjölmargar myndir sem hafa hlotið Óskarsverðlaun á undanförnum árum. Má þar nefna stórmyndina Gandhi sem hlaut Óskarsverðlaunin árið 1982 og Ben Kingsley hlaut Óskarinn sem besti leikari í aðalhlutverki. Gandhi er á dagskrá miðvikudaginn 26. febrúar. Önnur stórmynd, Braveheart, verður sýnd mánudaginn 24. febrúar en hún hlaut Óskarsverðlaunin sem besta myndin árið 1995 og Mel Gibson hlaut einnig Óskarsstytta fyrir leikstjórn. Af nýrri myndum má nefna bestu myndina frá síðustu Óskarsverðlaunahátíð, Argo, auk þess sem myndirnar Django Unchained, Life of Pi, Lincoln og Silver Linings Playbook verða sýndar en þær hlutu allar verðlaun á Óskarshátíðinni á sl. ári.



SKEMMTILEGAR TEIKNIMYNDIR Á KRAKKASTÖÐINNI Í FEBRÚAR

Það eru talsettar teiknimyndir öll kvöld vikunnar klukkan 19.00 á Krakkastöðinni og í febrúar verða margar skemmtilegar myndir á dagskrá. Þar má nefna myndirnar Undraland Ibba og Ferðin til tunglsins sem hafa ekki verið sýndar

áður á Krakkastöðinni. Undraland Ibba er á dagskrá sunnudaginn 16. febrúar og Ferðin til tunglsins verður sýnd laugardaginn 22. febrúar. Krakkastöðin sýnir talsett barnaefni frá klukkan 7 að morgni fram á kvöld. Sýndir

eru skemmtilegir þættir með Dóru, Díego, Svampi Sveinssyni, Mörgæsunum frá Madagaskar, Tinna, Lukku Láka, Dodda litla, Skoppu og Skríttlu auk þess sem hinir líflegu íbúar Latabæjar eru alltaf á sínum stað. Ómissandi skemmtun fyrir börnin.

Stærstu Vetrarólympíuleikar sögunnar

Vetrarólympíuleikarnir verða settir í Sochi í Rússlandi 7. febrúar þegar opunarhátíð leikanna fer fram. Þetta er í 22. skiptið sem Vetrarólympíuleikar eru haldnir en þeir fyrstu fóru fram árið 1924 í Frakklandi.

Rússland hefur aldrei áður haldið Vetrarólympíuleika og hefur gríðarleg uppbygging átt sér stað í Sochi undanfarin ár. Leikarnir verða langdýrustu Ólympíuleikar sögunnar en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir þeim myndu kosta um 12 milljarða dollara. Nú stefnir í að talan sé nær 50 milljörðum dollara og munar þar mest um gríðarleg samgöngumannvirki og íþróttahallir. Rúmlega 2.500 keppendur frá 88 löndum mæta til leiks, þar af fimm keppendur frá Íslandi. Keppt verður í fimmtán flokkum á Vetrarólympíuleikunum og eru nokkrar greinar undir hverju flokki. Alls verður því keppt um 98 gullverðlaun að þessu sinni, þar af verða átta nýjar greinar sem ekki hefur verið keppt í áður. Stöð 2 Sport sýnir beint frá öllum íþróttagreinum leikjanna auk þess sem hægt verður að fylgjast með beinum útsendingum á visir.is. Í lok hvers dags verður samantektarþáttur sýndur á Stöð 2 Sport þar sem farið verður yfir úrslit dagsins. Útsending frá setningarathöfninni hefst kl. 16, föstudaginn 7. febrúar, en undankeppni hefst degi fyrir í nokkrum greinum.

Frábær skemmtun framundan

Allt stefnir í að Vetrarólympíuleikarnir í Sochi verði þeir glæsilegustu í sögunni. Fjöl margar spennandi og skemmtilegar greinar verða í boði og allar í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og visir.is.

Stöð 2 Sport og visir.is munu sýna beint frá öllum íþróttagreinum á Vetrarólympíuleikunum í Rússlandi. Auk þeirra verður samantektarþáttur sýndur öll kvöld kl. 22 þar sem farið verður yfir úrslit dagsins og málin rædd. Að sögn Hjörvars Hafliðasonar, dagskrárstjóra Stöðvar 2 Sports, munu Rússar leggja allt undir til að gera útsendingar frá Vetrarólympíuleikunum sem glæsilegastar. „Þetta eiga eftir að vera rosalegar útsendingar með frábærri myndvinnslu. Áður en landsmenn vita verða þeir farnir að horfa á Vetrarólympíuleikana á hverjum degi enda eiga þeir eftir að verða stórskemmtilegir.“

Fyrirtækið 365 verður með einkarétt á streyningu efnis gegnum síma og vef. Nær allt efni frá leikunum sem Stöð 2 Sport sýnir verður í beinni útsendingu á visir.is og þar með í snjallsímum. Auk þess geta þeir sem hafa Oz-appið fylgst með beinum útsendingum

á Stöð 2 Sport, bæði í iPhone- og Android-snjallsímum.

„Setningarhátíðin verður sýnd í beinni útsendingu og eftir hana tekur við hver stórvíðburðurinn eftir annan. Íshökkíkeppnin byrjar með látum en nokkrar af bestu þjóðum heims mætast strax í riðlakeppninni. Þá verða allir bestu íshökkímenn heims á leikunum, til dæmis Sidney Crosby, Alexander Ovechkin og Henrik Lundquist.“

Íslendingar eiga einn keppanda í skíðagöngu og fjóra í alpagreinum og segir Hjörvar að vel verði fylgst með þeim. „Sævar Birgisson keppir í sprettgöngu sem er virkilega skemmtilegt sjónvarpsefni. Þar mun mikill snillingur aðstoða okkur við lýsinguna sem er Jakob Einar Jakobsson, okkar helsti sérfræðingur í skíðagöngu og skíðaskotfimi. Fjórar ungir og efnilegir skíðamenn taka þátt í alpagreinum en sú grein

skipar alltaf stóran sess á Vetrarólympíuleikunum.“

Hjörvar nefnir einnig bobsleðakeppnina en þar snýr lið Jamaíku aftur til leiks eftir nokkurra ára fjarveru. Landslið þeirra vakti heimsathygli þegar það keppti fyrst á Vetrarólympíuleikunum í Kanada árið 1988 eins og greint var frá síðar í kvikmyndinni vinsælu Cool Runnings. „Áhuga fólk um þokkafullar hreyfingar ætti síðan ekki að láta skautadansinn framhjá sér fara og einnig má nefna skautahlaupið sem er í raun sprett-hlaup á ís.“

Setningarathöfn Vetrarólympíuleikanna hefst 7. febrúar en undankeppni í nokkrum greinum hefst degi fyrir. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á visir.is og stod2.is.




SKÍÐAGÖNGUFÓLK Í STÓRU HLUTVERKI Í SOCHI

Rússland og Noregur eru taldar sigurstranglegustu þjóðirnar í skíðagöngu og skíðaskotfimi. Báðar greinar eru mjög sjónvarpsvænar íþróttir enda mikið lagt í alla umgjörð að sögn Jakobs Einars Jakobssonar sem lýsir greinunum. Sævar Birgisson keppir fyrir Íslands hönd í sprettgöngu og 15 km skíðagöngu.

Í fyrsta skipti í 20 ár eiga Íslendingar fulltrúa í skíðagöngu á Vetrarólympíuleikum þegar Sauðkrækingurinn Sævar Birgisson keppir í sprettgöngu og 15 km skíðagöngu. Skíðagöngugreinar og skíðaskotfimi njóta alltaf mikilla vinsælda á Vetrarólympíuleikunum auk þess sem skíðaganga nýtur sífellt meiri vinsælda hérlandis. Jakob Einar Jakobsson mun lýsa greinunum á Stöð 2 Sport og býst hann við skemmtilegri og spennandi keppni. „Þessar greinar eru mjög sjónvarpsvænar íþróttir. Mikið er lagt upp úr allri myndvinnslu þannig að keppnin skili sér sem best heim til sjónvarpsáhorfenda. Það má einnig geta þess að skíðaskotfimi er önnur vinsælasta sjónvarpsíþróttin í Þýskalandi á eftir knattspyrnu og á undan Formúlunni. Skíðaganga og skíðaskotfimi geta verið ótrúlega spennandi greinar og mikið er lagt á keppendur.“

Sprettgangan spennandi

Keppt er í sex greinum karla og kvenna í skíðagöngu og fimm í skíðaskotfimi auk blandaðrar boðgöngu. „Sprettgangan sem Sævar keppir í er til dæmis virkilega spennandi og skemmtileg grein. Keppt er



Sævar Birgisson keppir í sprettgöngu og 15 km skíðagöngu.

MYND/ÚR EINKASAFNI

með útsláttarfyrirkomulagi þar sem allir keppendur byrja á því að skíða einn hring með 15 sekúndna millibili. Efstu 30 keppendurnir komast svo áfram og keppa í fimm riðlum þar sem sex keppendur keppa í braut. Tveir bestu í hverjum riðli fara svo áfram í undanúrslit og þannig koll af kalli.“

Aðspurður um möguleika Sævars segir Jakob vont að spá um þá. „Hann er auðvitað að keppa við gríðarlega sterka keppendur en honum hefur þó gengið vel á mótum undanfarið. Hann var meðal annars einn af fimmtán efstu á sterku móti í Svíþjóð fyrr í vetur. Á góðum degi gæti hann alveg komist inn í 30 manna úrslitin.“

Heimamenn sterkir

Að sögn Jakobs verða heimamenn vafalaust mjög sterkir í greinunum tveimur. „Rússar hafa ekki mikið látið fyrir sér fara í Heimsbikarnum í vetur sem segir manni að það er örugglega svakalegt prógram í gangi hjá þeim til að toppa sig á heimavelli. Norðmenn eru eftir á heimslistanum í skíðagöngu en tveir efstu karlar og fjórar efstu konur koma þaðan. Auk þessara þjóða má búast við sterkum keppendum frá Svíþjóð og Tékklandi.“

SPENNANDI KEPPNI FRAMUNDAN

Helstu íshokkí stjörnur heims mæta til leiks á Vetrarólympíuleikum. Greinin nýtur mikilla vinsælda og verða margir stórleikir strax í riðlakeppninni. Leikið er á stærri velli en í NHL-deildinni sem gerir leikinn opnari og skemmtilegri.

Íshokkí nýtur mikilla vinsælda á Vetrarólympíuleikum og verður keppnin sérstaklega hörð í ár þegar bestu landslið heims mætast í Sochi í Rússlandi. Flestir bestu leikmenn heims taka þátt en sterkasta íshokkídeild heims, NHL-deildin, tekur sér frí á meðan leikarnir standa yfir. Að sögn Viðars Garðarssonar, for-

manns Íshokkísambands Íslands, eru sjö þjóðir í algjörum sérflokkum og um leið sigurstranglegastar.

„Íshokkí er ein vinsælasta grein leikanna og sú grein sem skapar mestar tekjur en um 40% allra tekna Vetrarólympíuleikanna koma frá þeirri íþrótt. Sjö þjóðir standa upp úr í styrkleika; Svíþjóð, Finnland, Tékkland, Bandaríkin, Kanada, Slóvakía og Rússland. Á eftir þeim koma nokkur þökkalega góð lönd, þar á meðal Danir sem hafa tekið gríðarlegum framförum undanfarin ár.“

Margir spennandi leikir eru í boði strax í riðlakeppninni þar sem nokkrar af sterkustu þjóðum heims mætast. Bandaríkjamenn og Rússar keppa sína á milli, Finnland og Kanada og einnig Tékkland og Svíþjóð. „Það er ekki hægt að missa af slíkum leikjum, sérstaklega á Ólympíuleikum. Ólíkt Heimsmeistaramótum sem

haldin eru árlega, eru nær allir bestu leikmenn heims með þannig að þessir stórleikir gætu orðið mjög áhugaverðir. Það má einnig geta þess völlurinn á Ólympíuleikum er stærri en sá sem notaður er í NHL-deildinni. Í Rússlandi verður spilað á evrópskum velli sem er 30 x 60 metrar á meðan völlurinn í NHL deildinni er talsvert minni. Það getur munað 3-4 metrum á breiddina og 6 metrum á lengdina. Leikmenn fá því meira andrými og leikirnir verða opnari og skemmtilegri.“

Finnnska liðið hefur lengi verið í uppáhaldi hjá Viðari en það er að ganga gegnum kynslóðaskipti um þessar mundir. „Liðið vann glæsilegan sigur á HM undir 20 ára í lok síðasta ár. Ég mundi halda að þeir væru til alls líklegir. Svo má aldrei afskrifa Svíþjóð, Kanada og Rússland. Ein af þessum fjórum þjóðum stendur vafalaust uppi sem sigurvegari.“



Íslenska landsliðið í íshokkí hefur ekki enn komist á Ólympíuleikana en Viðar segir það vissulega vera langtímamarkmið sambandsins. „Það er þó ekki raunhæfur möguleiki á meðan við eigum bara þrjár skautahöllir og þrjú lið. Til að eiga möguleika þurfum við helst að eiga 6-8 hallir og jafnmörg lið með gott yngri flokka starf. Íshokkí er íþrótt sem hentar Íslendingum vel. Þar þurfa menn að vera stórir og sterkir

en um leið teknískir. Við eigum marga prýðisgóða leikmenn sem gengur vel, til dæmis í sænsku og dönsku deildinni. Auk þess spilar einn Íslendingur með háskólalíði í Bandaríkjunum þannig að það er ýmislegt spennandi að gerast.“

Keppni karla og kvenna hefst 8. febrúar og leikið er á tveimur nýbyggðum leikvöngum. Úrslitaleikur kvenna verður leikinn 20. febrúar og karlarnir spila 23. febrúar.



HÖRÐ KEPPNI Í ALPAGREINUM

Af fimm íslenskum keppendum á Vetrarólympíuleikunum keppa fjórir þeirra í alpagreinum. Keppnin verður hörð enda mætir flest besta skíðafólk heims til leiks. Íslenski landsliðsþjálfarinn spáir góðum árangri keppenda frá Austurríki og Bandaríkjunum.

Keppni í alpagreinum hefst sunnudaginn 9. febrúar með brunni karla. Alpagreinarnar fimm eru meðal allra vinsælustu greina hverra Vetrarólympíuleika en þær skiptast í brun, svig, stórsvig, risasvig og alpatvíkeppni. Íslendingar senda fjóra unga og efnilega skíðamenn til leiks í ár. Helga María Vilhjálmstöttir keppir í risasvigi, stórsvigi og svigi. María Guðmundsdóttir keppir í stórsvigi og svigi. Brynjar Jökull Guðmundsson og Einar Kr. Kristgeirsson keppa síðan báðir í svigi og stórsvigi. Helga María hefur leik



Fjalar Úlfarsson, landsliðsþjálfari í alpagreinum. MYND/ÚR EINKASAFNI

laugardaginn 15. febrúar þegar hún keppir í risasvigi en hinir keppendurnir hefja leik nokkrum dögum síðar. Fjalar Úlfarsson, landsliðsþjálfari í alpagreinum, segir nær alla bestu skíðamenn heims mæta til leiks í Sochi í Rússlandi og keppnin verði hörð í öllum greinum. „Austurríki og Bandaríkin mæta gríðarlega sterk til leiks með fjölda sterkra skíðamanna. Noregur og Svíþjóð fylgja á hæla þeirra og einnig má nefna lönd eins og Þýskaland, Ítalíu og Frakkland sem eiga einnig góða skíðamenn.“

Erfitt að spá um úrslit

Fjalar gerir ráð fyrir að svig karla og

kvenna veki mesta athygli á leikunum en þar keppa einmitt Íslendingarnir. „Meðal sigurstranglegra í svigi kvenna má nefna Mikaelu Shiffrin frá Bandaríkjunum. Karlarnir hafa verið jafnari í vetur en ég býst við að Felix Neureuther frá Þýskalandi og Marcel Hirscher frá Austurríki verði sterkir á leikunum. Annars er erfitt að spá um velgengni einstakra keppenda. Á svona stórmótum koma oft fram ný nöfn sem hafa ekki unnið mót um veturinn en enda svo á verðlaunapalli.“

Fyrstu leikarnir

Þetta eru fyrstu Vetrarólympíuleikar allra íslensku keppendanna sem flestir eru ungir að árum. „Allir keppendur hafa sett sér persónuleg markmið sem er að vera ákveðinn tíma frá fyrsta manni eða konu. Við gerum okkur grein fyrir því að við erum ekki að fara til Sochi til að komast á verðlaunapall. Hins vegar eru keppendur ekki heldur mættir til að vera bara með heldur til að keppa og gera sitt besta. Þau hafa dvalið meira og minna erlendis undanfarið ár við æfingar og keppni og framundan er lokaundirbúningurinn fyrir fyrstu Vetrarólympíuleikana.“



Íslensku keppendurnir í alpagreinum á Vetrarólympíuleikunum í Sochi.

Efri röð frá vinstri: Brynjar Jökull Guðmundsson og María Guðmundsdóttir.

Neðri röð frá vinstri: Einar Kr. Kristgeirsson og Helga María Vilhjálmstöttir.

MYND/SKÍÐASAMBAND ÍSLANDS





BEINAR ÚTSENDINGAR FRÁ ÓLYMPÍULEIKUNUM Í SOCHI

FÖSTUDAGUR 7. FEBRÚAR

16.00 Setningarathöfn

LAUGARDAGUR 8. FEBRÚAR

05.00 Snjóþettaþrautir karla
08.00 Íshokki kvenna **Sport 3**
(Bandaríkin-Finnland)
09.50 15 km skíðaganga kvenna
11.25 5.000 m skautahlaup karla
13.00 Íshokki kvenna **Sport 3**
(Kanada-Sviss)
14.20 10 km skíðaskotfimi karla
16.10 Listhlaup kvenna
18.00 Hólasvíg kvenna, úrslit
18.05 Listhlaup para **Sport 3**
19.30 Íshokki kvenna
(Bandaríkin-Finnland)

SUNNUDAGUR 9. FEBRÚAR

06.50 Brun karla
08.00 Íshokki kvenna **Sport 3**
(Svíþjóð-Japan)
09.10 Snjóþettaþrautir kvenna
10.10 30 km skíðaganga karla
11.30 3.000 m skautahlaup kvenna
13.00 Íshokki kvenna **Sport 3**
(Rússland-Pýskaland)
14.30 7,5 km skíðaskotfimi kv.
15.00 Ísdans, parakeppni **Sport 4**
16.40 Baksleðakeppni karla
18.25 Skíðastökk karla
22.35 Ísdans - parakeppni

MÁNUDAGUR 10. FEBRÚAR

06.50 Alpatvíkeppni kvenna: Brun
10.00 Íshokki kvenna **Sport 3**
(Bandaríkin-Sviss)
10.00 Krulla kvenna **Sport 4**
10.50 Alpatvíkeppni kvenna: Svíg
12.00 500 m skautasprettihlaup karla
14.45 Sleðabrun kvenna **Sport 3**
14.50 12,5 km skíðaskotfimi karla
15.00 Íshokki kvenna **Sport 4**
(Finnland-Kanada)
15.00 Krulla karla **Sport 5**
16.45 Sleðabrun kvenna **Sport 3**
18.00 Skíðafimi karla

SAMANTEKTARÞÆTTIR ALLA DAGA KL. 22.00

Stöð 2 Sport sýnir samantekt frá keppni dagsins alla dagana kl. 22.00 og á lokadeginum verður samantekt frá hápunktum Ólympíuleikanna kl. 15.30.

ÞRIÐJUDAGUR 11. FEBRÚAR

09.00 Skíðafimi kvenna
10.00 Íshokki kvenna
(Pýskaland-Svíþjóð)
10.00 Krulla karla **Sport 3**
12.00 Sprettganga karla og kvenna
12.45 500 m skautahlaup kv. **Sport 4**
14.50 10 km skíðaskotfimi kvenna
15.00 Íshokki kvenna **Sport 3**
(Rússland-Japan)
16.20 Baksleðakeppni kvenna
17.30 Snjóþretti karla - halfpipe
17.30 Skíðastökk kvenna **Sport 3**
18.40 500 m skautahlaup kvenna
20.15 Skíðastökk kvenna

MIÐVIKUDAGUR 12. FEBRÚAR

06.50 Brun kvenna
08.00 Íshokki kvenna **Sport 3**
(Svíþjóð-Finnland)
09.25 Norræn tvíkeppni (skíðastökk)
12.20 Norræn tvíkeppni **Sport 3**
(10 km skíðaganga)
12.30 Íshokki kvenna
(Kanada-Bandaríkin)
15.45 Baksleðabrun, tvímeningur
15.45 Listhlaup parakeppni **Sport 3**
17.00 Íshokki karla
(Tékkland-Svíþjóð)
17.00 Íshokki karla **Sport 4**
(Lettland-Sviss)
17.30 Snjóþretti **Sport 5**
(halfpipe kvenna)

FIMMTUDAGUR 13. FEBRÚAR

08.00 Íshokki karla **Sport 3**
(Finnland-Austurríki)
08.00 Íshokki kvenna **Sport 4**
(Japan-Pýskaland)
09.30 Slopestyle-skíðafimi karla **Sport 5**
09.50 10 km skíðaganga kvenna
11.40 Skautasprettihlaup
12.30 Íshokki karla
(Slóvakía-Bandaríkin)
12.30 Íshokki karla **Sport 3**
(Rússland-Slóvakía)
14.00 20 km skíðaskotfimi karla **Sport 4**
14.00 1.000 m skautahlaup kvenna **Sport 5**
15.00 Listhlaup karla **Sport 3**
16.15 Baksleði - liðakeppni **Sport 5**
17.00 Íshokki karla **Sport 4**
(Kanada-Noregur)
17.00 Íshokki kvenna **Sport 4**
(Svíþjóð-Rússland)

FÖSTUDAGUR 14. FEBRÚAR

06.55 Alpatvíkeppni karla (brun)
08.00 Íshokki karla **Sport 4**
(Tékkland-Lettland)
09.55 15 km skíðaganga karla **Sport 3**
10.00 Krulla kvenna **Sport 5**
11.25 Alpatvíkeppni karla (svíg)
12.30 Íshokki karla (Svíþjóð-Sviss)
13.55 15 km skíðaskotfimi kv. **Sport 3**
15.00 Listhlaup karla **Sport 4**
16.50 Magasleðabrun kv. **Sport 3**
17.00 Íshokki karla (Noregur-Finnland)
17.30 Skíðafimi kvenna **Sport 5**

LAUGARDAGUR 15. FEBRÚAR

06.55 Risasvíg kvenna
08.00 Íshokki karla **Sport 3**
(Slóvakía-Slóvenía)
09.55 4x5 km boðganga kvenna
10.00 Skautasprettihlaup karla og kvenna **Sport 4**
10.00 Krulla karla **Sport 5**
12.30 Íshokki karla **Sport 3**
(Bandaríkin-Rússland)
17.00 Íshokki karla **Sport 4**
(Svíþjóð-Lettland)
17.00 Íshokki karla **Sport 5**
(Sviss-Tékkland)
17.30 Skíðastökk karla **Sport 3**

SUNNUDAGUR 16. FEBRÚAR

06.50 Risasvíg karla
08.00 Íshokki karla **Sport 3**
(Austurríki-Noregur)
09.10 Snjóþettaat kvenna
10.00 4x10 km skíðaganga karla
12.30 Íshokki karla
(Slóvenía-Bandaríkin)
12.30 Íshokki karla **Sport 4**
(Rússland-Slóvakía)
14.00 1.500m skautahlaup kvenna **Sport 3**
15.00 15 km skíðaskotfimi karla
15.00 Krulla karla **Sport 4**
17.00 Íshokki karla (Finnland-Kanada)

MÁNUDAGUR 17. FEBRÚAR

09.25 Snjóþettaat karla
10.00 Krulla karla **Sport 3**
12.30 Íshokki kvenna (undanúrslit)
15.00 12,5 km skíðaskotfimi kvenna
15.00 Ísdans **Sport 4**
16.00 Bobsleðakeppni karla **Sport 3**
17.00 Íshokki kvenna (undanúrslit)
17.15 Skíðastökk karla liða **Sport 3**
17.30 Skíðafimi karla **Sport 5**

ÞRIÐJUDAGUR 18. FEBRÚAR

06.55 Stórsvíg kvenna - fyrri ferð
08.00 Íshokki karla **Sport 3**
(úrslitakeppni)
09.30 Norræn tvíkeppni (skíðastökk)
09.30 Skautasprettihlaup karla og kvenna **Sport 4**
10.25 Stórsvíg kvenna - seinni ferð
11.50 Norræn tvíkeppni **Sport 3**
(10 km skíðaskotfimi)
12.30 Íshokki karla (úrslitakeppni)
13.00 10.000m skautahlaup karla **Sport 3**
17.00 Íshokki karla (úrslitakeppni)
17.00 Íshokki karla **Sport 3**
(úrslitakeppni)
17.25 Skíðafimi karla (halfpipe) **Sport 4**

MIÐVIKUDAGUR 19. FEBRÚAR

06.55 Stórsvíg karla - fyrri ferð
08.00 Íshokki karla **Sport 4**
(8 liða úrslit)
09.00 Samhliða snjóþettasvíg **Sport 3**
10.30 Stórsvíg karla - seinni ferð
11.40 Sprettganga liða **Sport 3**
12.30 Íshokki karla (8 liða úrslit)
14.25 Boðgöngu-skíðaskotfimi **Sport 3**
15.00 Krulla karla (Undanúrslit) **Sport 5**
17.00 Íshokki karla (8 liða úrslit)
17.00 Íshokki karla **Sport 3**
(8 liða úrslit)
17.20 Bobsleðakeppni kvenna **Sport 4**

FIMMTUDAGUR 20. FEBRÚAR

07.55 Norræn tvíkeppni liða (skíðastökk)
09.25 Skíðaaat karla
11.00 Norræn tvíkeppni liða (boð-skíðaganga)
13.30 Krulla kvenna **Sport 5**
(úrslitaleikur)
15.00 Listhlaup kvenna **Sport 4**
17.00 Bobsleðakeppni kvenna
17.00 Íshokki kvenna **Sport 5**
(úrslitaleikur)

FÖSTUDAGUR 21. FEBRÚAR

08.30 Krulla karla (bronsleikur) **Sport 4**
09.30 Skíðaaat kvenna
12.00 Íshokki karla (undanúrslit)
12.40 Svíg kvenna - fyrri ferð **Sport 3**
13.30 Krulla karla (úrslitaleikur) **Sport 4**
14.30 4x6 km boð-skíðaskotfimi kv.
16.10 Svíg kvenna - seinni ferð **Sport 3**
16.25 Skautasprettihlaup karla og kvenna **Sport 5**
17.00 Íshokki karla (undanúrslit)

LAUGARDAGUR 22. FEBRÚAR

09.15 Samhliða snjóþettasvíg **Sport 3**
09.30 30 km skíðaganga kvenna
12.40 Svíg karla - fyrri ferð
14.51 Skautahlaup liða
16.10 Svíg karla - seinni ferð
17.50 Listhlaup kvenna

SUNNUDAGUR 23. FEBRÚAR

06.55 50 km Skíðaganga karla
10.55 Bobsleðakeppni 4 manna
12.00 Íshokki karla (úrslitaleikur)
16.00 Lokahátíð



Öll risamótin og fjöldi golfþátta

Golfstöðin er ný sjónvarpsstöð sem sérhæfir sig í beinum útsendingum frá sterkustu atvinnumannamótum í heimi. Þar verður auk þess fjöldi inn- og erlendra golfþátta á dagskrá.

Golfstöðin er með sýningarrétt frá öllum fjórum risamótunum; The Masters, U.S. Open, The Open Championship og PGA Championship, og er það í fyrsta sinn sem öll risamótin eru sýnd á sömu stöð. Eins verður Ryder-bikarinn á dagskrá Golfstöðvarinnar í haust. Í bland verður fjöldi innlendra og erlendra þátta á dagskrá og ættu allir golfáhugamenn að finna eitthvað við sitt hæfi. Um 60 mót verða í beinni útsendingu á Golfstöðinni í ár. Í febrúar eru sterk mót á PGA-mótaröðinni á dagskrá sem og Heimsmótið í holukeppni.



Mót á dagskrá Golfstöðvarinnar í febrúar

Waste Management Phoenix Open 30.-2. febrúar	Northern Trust Open 13.-16. febrúar
Dubai Desert Classic 30.-2. febrúar	Heimsmótið í holukeppni 19.-23. febrúar
AT&T Pebble Beach National 6.-9. febrúar	The Honda Classic 27.-2. mars

Forréttindi að fá að starfa við áhugamálið

Jón Júlíus Karlsson er nýráðinn verkefnastjóri Golfstöðvarinnar. Hann hefur spilað golf frá unga aldri og er næstingsti stjórnarmaður GSÍ frá upphafi.

Jón Júlíus Karlsson, fréttamaður á Stöð 2, er verkefnastjóri Golfstöðvarinnar. Hann mun koma að dagskrárstjórn ásamt því að lýsa beinum útsendingum. „Verkefnið er spennandi og ég nýt þeirra forréttinda að fá að vinna við mitt helsta áhugamál,“ segir Jón Júlíus en hann er að eigin sögn þokkalegur kylfingur, með fimm í forgjöf. Hann er félagi í Golfklúbbi Grindavíkur og hefur verið í stjórn klúbbsins síðastliðin þrjú ár.

„Í haust var ég svo kjörinn í varastjórn Golfsambands Íslands þannig að ég þekki innviði golfsins á Íslandi nokkuð vel.“ Jón Júlíus er jafnframt næstingsti

stjórnarmaður GSÍ frá upphafi. Hann er 26 ára en Haukur Örn Birgisson, núverandi forseti GSÍ, var 25 ára þegar hann var kjörinn í stjórn.

Jón Júlíus hefur starfað við áhugamálið frá árinu 2007. „Ég var í nokkur ár fréttastjóri á golf fréttavefnum Kylfingur.is og hef skrifað greinar í tímarit Golfsambandsins, Golf á Íslandi. Síðastliðið sumar fékk ég svo tækifæri til að spreyta mig í sjónvarpi og stýrði þættinum Golfið ásamt Gunnari Hanssyni á RÚV. Það var ákaflega skemmtilegt verkefni og fékk ég tækifæri til að kynna Íslenskum kylfingum enn frekar.

Jón Júlíus segir mikinn metnað ríkja meðal starfsmanna Golfstöðvarinnar og er stefnan meðal annars tekin á ýmiskonar innlenda dagskrárgerð. „Við erum að vinna í skipulagningu á nýjum innlendum þátt-

um og munu þeir taka á sig frekari mynd á næstu vikum. Ég get þó upplýst það að lögð hafa verið drög að nýjum íslenskum spjallþætti um golf.

Meðal erlendra þátta á dagskrá má nefna Golfing World sem Jón Júlíus segir frábæran þátt. „Þar er fjallað um allar hliðar golfsins. Þátturinn hefur verið mjög vinsæll meðal kylfinga og er sýndur víða um heim. Nýr þáttur er á dagskrá alla virka daga vikunnar og höfðar til allra golfáhugamanna.“

Í febrúar ber Heimsmótið í holukeppni hæst. Í mótinu leika 64 bestu kylfingar heims í holukeppni sem er afar skemmtilegt leikform. Mótið hefst 19. febrúar og taka 64 bestu kylfingar heims þátt í mótinu. Að auki verða nokkur frábær mót á PGA-mótaröðinni á dagskrá í febrúar. Þá styttest í fyrsta risamót ársins, Masters, sem hefst 10. apríl.



ÁST OG ÁTÖK hjá Mr. Selfridge

Aðdáendur bresku þáttanna Mr. Selfridge eiga ánægjulega sunnudaga framundan því glæný þáttaröð hefst sunnudaginn 16. febrúar.

Aðdáendur bresku þáttanna Mr. Selfridge eiga ánægjulega sunnudaga framundan því glæný þáttaröð hefst sunnudaginn 16. febrúar. Þetta er önnur þáttaröðin um auðmanninn Harry Gordon Selfridge sem kom frá Bandaríkjunum í upphafi síðustu aldar og stofnaði hina þekktu stórverslun Selfridges í Oxford Street í Lundúnum. Önnur þáttaröð gerist á róstusömum tíma þegar fyrri heimsstyrjöldin setti lífið í Evrópu á annan endann. Sérían er tíu þættir en verslunin er fimm ára í upphafi þáttanna.

Bandaríski leikarinn, Jeremy Piven, leikur Harry Selfridge og hefur hann fengið góða dóma fyrir leik sinn. Áður var Piven þekktastur fyrir leik sinn sem Ari Gold í Entourage's. Piven hefur sagt í blaðaviðtölum að hann hafi fallið fyrir handritinu af Mr. Selfridge um leið og hann las það fyrst. „Ég hugsaði, vá, ég er heppinn, þetta er ég.“ Piven hefur margoft verið tilnefndur til verðlauna á leikferlinum, hefur unnið Golden Globe einu sinni og Emmy þrisvar sinnum.

Þegar önnur þáttaröðin hefst er árið 1914 og stórverslunin sem er orðin fimm ára blómstrar. Einkalíf Mr. Selfridge er hins vegar ekki eins gott. Piven sagði í viðtali við breskt blað að í þessari þáttaröð væri bæði mikil dramatík og húmor. Þegar hann var spurður

hvernig honum líkaði að vera svona lengi í Lundúnum en hann dvaldi þar í sex mánuði meðan á upptökum stóð, svaraði hann: „Mér líður vel í borginni, hef leigt mér hjól og farið víða. Ég drekk ekki bjór en hef heimsótt krár og pantað vatn. Það þykir Bretum skrítið.“

En hefur hann heimsótt stórverslunina Selfridges?

„Ég hef einu sinni komið þar inn og var bæði með hatt og sólgleraugu.“

Þættirnir Mr. Selfridge eru byggðir á sönnum atburðum. Harry Selfridge fæddist í Bandaríkjunum árið 1856. Hann ólst upp hjá móður sinni sem síðar flutti með honum til Lundúna. Hann var kallaður mömmudrengur vegna sterkra vináttu þeirra. Um fimmtán milljónir áhorfenda fylgdust með fyrri þáttaröð en sagt er að sömu áhorfendur fylgdist með þessum þætti og Downton Abbey.

Stórverslunin Selfridges var opnuð í Oxford Street 15. mars 1909 en Harry var brautryðjandi á margan hátt í verslunarrekstri í Englandi. Í fyrsta skipti hafði verslun upplýsta glugga á nóttunni og mikilfenglegar gluggaskreytingar. Harry Selfridge átti merkilega ævi en hann lést í maí 1947, þá 91 árs.

Aðrir leikarar sem fara með stór hlutverk eru Frances O'Connor og Katherine Kelly.



HRAÐI OG SPENNA Í NCIS

Ný röð af hinum vinsælu þáttum NCIS hefst á Stöð 2 í febrúar. NCIS er vinsælasta leikna þáttaröðin í bandarísku sjónvarpi og hefur undanfarin ár mælst með mest áhorf allra leikinna þáttaraða. Á síðasta ári náði NCIS toppsætinu yfir allt sjónvarpsefni í Bandaríkjunum en þættirnir mældust með 21,3 milljónir áhorfenda að meðaltali og fóru þar með upp fyrir American Idol og beinar útsendingar frá ameríska fótboltanum.

Þættirnir fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félagi hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins. Þættirnir hétu í upphafi Navy NCIS en síðar var fyrra nafnið tekið burt. Þættirnir eru teknir upp í Santa Clarita í Kaliforníu þótt höfuðstöðvar rannsóknardeildarinnar eigi að vera til húsa í Washington. Ströndin í Kaliforníu þótti henta þættinum vel. Spennandi þættir fyrir alla unndur sakamálapáttá.

Mark Harmon sem leikur aðalhlutverkið í þáttunum er einn af launahæstu sjónvarpsleikurum Bandaríkjanna. Hann var gestur í þætti Jay Leno 16. janúar þar sem hann kynnti nýju þáttaröðina af NCIS en Harmon hefur leikið í þáttunum í ellefu ár. „Það er stórkostlegt að vinna með öllu þessu góða fólki, bæði fyrir framan og aftan myndavélina,“ sagði hann við Leno.

Aðalhlutverkin leika Mark Harmon, Pauley Perrette, Michael Weatherly, David McCallum, Sean Murray og Cote de Pablo.

2 NCIS
HEFST 13 FEBRÚAR

2 LIFE'S TOO SHORT
HEFST 27 FEBRÚAR



ÓTRÚLEGAR UPPÁKOMUR

Bresku gamanþættirnir Life's Too Short hafa notið mikilla vinsælda og þykja vel heppnaðir. Það eru bresku húmoristarnir Ricky Gervais og Stephen Merchant sem eru höfundarnir á bak við þættina. Aðalsöguhetjan er dvergurinn Warwick Davis sem leikur sjálfan sig sem höfundarnir gera reyndar líka. Það er ekki auðvelt að vera dvergur í skemmtanabransanum en Warwick lendir í ótrúlegustu uppkomum. Frægir gestir koma fram í hverjum þætti og má þar nefna Liam Neeson, Johnny Depp, Helena Bonham Carter, Steve Carell, Cat Deeley, Sting og Val Kilmer. Í þáttunum er meðal annars tekist á við dagleg

vandamál sem upp koma hjá dvergum.

Warwick Davis er þekktur breskur leikari sem komið hefur fram í mörgum frægum myndum, meðal annars Harry Potter og Star Wars. Davis er 43 ára, kvæntur og á tvö börn. Eiginkonan og börnin, sem öll eru dverggar, hafa einnig komið fram í kvikmyndum og hafa hug á að starfa frekar við leiklist. Davis er ófeiminn við að gera góðlátlegt grín að sjálfum sér en hann er um einn metri á hæð. Hann hefur sagt að það sé ekkert vandamál að vera lítill en verra sé að þurfa að glíma við heilsubrest. Davis hefur rekið umboðsskrifstofu fyrir dvergvaða leikara.

MORÐ Í BRESKUM SMÁBÆ

Vönduð bresk sakamálaþáttaröð sem sýnd var á BBC. Sögusviðið er fríðsæll smábær í Bretlandi þar sem allt líf bæjarbúa fer úr skorðum þegar 14 ára stúlka er myrt. Við sjáum söguna með augum fjögurra persóna sem allar grunar að einhver sem þau þekkja og treysta hafi framið morðið. Það getur verið ógnvekjandi að koma heim til sín þegar þig grunar að morðingi leynist á heimilinu.

„Hver drap hina fjórtán ára gömlu Hattie?“, spyrja þorpsbúar sig en þeirri sömu spurningu veltu einnig fyrir sér yfir fjórar milljónir áhorfenda þegar þessi mini-sería var sýnd í Bretlandi. Margir eru grunaðir en úr verður dramatísk flækja í litlu samfélagi úti á landi. Þættirnir eru teknir upp í falllegu umhverfi í Surrey á Englandi.

Mayday kemur úr smíðju sömu framleiðenda og gerðu BAFTA-verðlaunaserfurnar Spooks og The Hour. Meðal leikenda eru Lesley Manville, Aidan Gillen, Peter Firth og Sophie Okonedo.

2 MAYDAY
MÁNUDAGA KL. 21.40



BROT AF ÞVÍ BESTA 16.–22. FEBRÚAR

SUNNUDAGUR 16. FEBRÚAR

Ísland Got Talent
Stöð 2 kl. 19.50



Glæsilegur íslenskur sjónvarpsþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríkustu einstaklingum landsins. Kynnir keppinnar er sjónvarpsmaðurinn góðkunni Auðunn Blöndal.

The Following (4:15)
Stöð 2 kl. 21.35



Ryan Hardy neitar að gefast upp og er staðráðinn í að góma morðingjana án hjálpar alríkislögreglunnar.

Banshee (6:10)

Stöð 2 kl. 22.15
Mögnuð þáttaröð sem hefur vakið verðskuldaða athygli. Lucas Hood er lögreglustjóri í smábæ þar sem enginn er óhultur.

Undraland lbba
Krakkastöðin kl. 19.00



Skemmtileg teiknimynd um litla risaæðlu sem kemur sér í mikinn vanda og þarf að taka á honum stóra sínum til að leysa málið.

FA bikarinn
Stöð 2 Sport kl. 15.50

Bein útsending frá leik Arsenal og Liverpool í 16 liða úrslitum ensku FA bikarkeppinnar.

Stöð 2 Sport kl. 01.15
Stjörnuleikur NBA



Bein útsending frá árlegum stjörnuleik NBA-deildarinnar í körfubolta þar sem allir bestu körfuboltamenn heims sýna listir sínar.

MÁNUDAGUR 17. FEBRÚAR

Nashville (7:20)
Stöð 2 kl. 20.40



Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem tónlistin spilar stórt hlutverk og fjalla um kántrí-söngkonuna Rayna og ungstirnið Juliette Barnes.

True Detective (5:8)

Stöð 2 kl. 21.25
Spennandi þættir með Matthew McConaughey og Woody Harrelson í aðalhlutverkum.

American Horror Story:
Asylum (6:13)

Stöð 2 kl. 23.20



Önnur þáttaröðin af þessum dulmögnuðu þáttum sem núna gerast á geðveikrahæli og sagðar eru sögur sjúklinganna og starfsfólksins.

The Glades (8:13)

Stöð 3 kl. 20.50



Önnur þáttaröðin um lögreglu-manninn Jim Longworth sem er mikill sjarmör en einnig eitursnjall að leysa morðgátur.

Without a Trace (22:23)

Gullstöðin kl. 22.35
Spennandi sakamálamyndaflokkur um sérsveit lögreglunnar sem rannsakar mannhvörf.

Arthúr 2

Krakkastöðin kl. 19.00



Gullfallett og spennandi ævintýri um Arthúr sem snýr aftur í heim Mínimóanna og fær neyðarkall frá Selenu prinsessu sem býr við stöðugar árásir frá Maltasar.

ÞRIÐJUDAGUR 18. FEBRÚAR

Girls (7:12)
Stöð 2 kl. 22.15



Þriðja gamanþáttaröðin um hóp vinkvenna á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York og fjalla um aðstæður þeirra, samskiptin við hitt kynið, baráttuna við starfsframann og margt fleira.

Geggjaðar græjur

Stöð 2 kl. 20.10
Tvíburarnir Bjarni og Davíð Hedtoft Reynissynir halda áfram að kynna sér nýjustu og flottustu græjurnar.

Rake (4:13)

Stöð 2 kl. 21.30



Glæný þáttaröð með hæfilegri blöndu af gamni og alvöru. Greg Kinnear fer á kostum í aðalhlutverkinu.

Hart Of Dixie (1:22)

Stöð 3 kl. 19.45



Fyrsti þáttur í þriðju þáttaröð um Zoe Hart, ungan lækni sem fluttist í smábæinn Bluebell í Alabama. Rachel Bilson leikur aðalhlutverkið.

Ísöld: Heimsálfuhopp

Krakkastöðin kl. 19.00



Frábær teiknimynd um þá Manny, Sid og Diego sem verða strandaglópar á borgarísjaka sem ber þá langt frá heimkynnum sínum en þeir eru staðráðnir í að komast tilbaka.

Mr. Selfridge Sunnudag kl. 20.35

Önnur þáttaröðin um auðmanninn Harry Gordon Selfridge, sem kom eins og stormsveipur inn í breskt verslunarlíf í upphafi síðustu aldar og stofnaði stórverslunina Selfridges. Nýja þáttaröðin gerist á róstursömum tímum þegar fyrri heimsstyrjöldin setti lífið í Evrópu á annan endann.

Mr. Selfridge er mögnuð þáttaröð sem vakti mikla athygli um víða veröld á sl. ári þegar fyrsta þáttaröðin var sýnd. Aðalhlutverkin leika Jeremy Piven, Frances O'Connor og Katherine Kelly.

MÍÐVIKUDAGUR 19. FEBRÚAR

American Idol (11:37)
Stöð 3 kl. 20.05



Það eru þrjú Idol-þættir í þessari viku en þættirnir eru sýndir innan við sólarhring á eftir frumsýningu í Bandaríkjunum. Fyrsti þátturinn er á miðvikudag á Stöð 3. Þar fá 15 bestu stúlkurnar að spreya sig og á fimmtudag fá 15 bestu strákarirnir tækifæri. Á föstudagskvöld kemur síðan í ljós hverjir komast áfram.

Léttir sprettir

Stöð 2 kl. 20.25

Rikka hjálpar fólki að finna það sport sem hentar því best. Skemmtilegir og fróðlegir þættir.

Tomorrow People

Stöð 3 kl. 21.30



Glæný bandarísk þáttaröð um ungt fólk sem býr yfir óvenjulegum hæfileikum. Stephen Jameson kemst að því að hann er ekki eins og annað fólk.

Lærkevej (10:12)

Stöð 2 kl. 21.35

Dönsk þáttaröð um lífið í Lærkevej. Íbúar götunnar eru hver öðrum skrítnari og útkoman er bráðskemmtileg.

Touch (12:14)

Stöð 2 kl. 22.20

Kiefer Sutherland leikur aðalhlutverkið í þessum mögnuðu þáttum um mann sem kemst að því að einhverfur sonur hans hefur hæfileika sem aðrir hafa ekki.



Les émotifs anonymes
Stöð 2 kl. 23.05



Frönsk gamanmynd frá 2010 með Benoît Poelvoorde, Isabelle Carré og Lorella Cravotta í aðalhlutverkum.

Ríó
Krakkastöðin kl. 19.00



Skemmtileg teiknimynd um sjaldgæja, bláa arnpáfann Blu sem heldur til Ríó í Brasilíu með eiganda sínum og lendir í ótrúlegum ævintýrum.

FIMMTUDAGUR 20. FEBRÚAR

Heilsugengið
Stöð 2 kl. 20.05



Vandaður og fróðlegur íslenskur þáttur sem fjallar um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti.

NCIS (2:24)
Stöð 2 kl. 21.15

Spennandi þáttaröð sem notið hefur mikilla vinsælda um árabíl.

Person of Interest (5:23)
Stöð 2 kl. 22.00

Önnur þáttaröðin um fyrrverandi leigumorðingja hjá CIA sem nú einbeitir sér að því að koma í veg fyrir glæpi.

Carriers
Stöð 2 kl. 22.45



Hrollvekjandi spennamynd frá 2009 með Chris Pine og Piper Perabo í aðalhlutverkum.

Ben & Kate (11:16)
Stöð 3 kl. 19.10

Skemmtilegir gamanþættir um systkinin Ben og Kate sem lenda í ótrúlegum uppákomum.

Öskubuska í villta vestrinu
Krakkastöðin kl. 19.00



Skemmtileg teiknimynd þar sem klassísk saga er sett í nýjan búning.

Meistaradeildin í hestaiþróttum
Stöð 2 Sport kl. 19.00
Bein útsending frá keppni í fimmgangi.

FÖSTUDAGUR 21. FEBRÚAR

Son Of No One
Stöð 2 kl. 22.35



Spennamynd frá 2011 með Channing Tatum, Al Pacino, Katie Holmes, Ray Liotta og Juliette Binoche í aðalhlutverkum.

Spurningabomban
Stöð 2 kl. 19.45

Logi Bergmann leikur á als oddi í þessum skemmtilega spurningaleik.

Batman & Robin
Stöð 2 kl. 20.30



Ævintýramynd frá 1997 með George Clooney, Chris O'Donnell, Arnold Schwarzenegger, Uma Thurman og Alicia Silverstone í aðalhlutverkum. Mr. Freeze slæst í lið með klækjakvendinu Poison Ivy og ætlar sér að frysta Gotham-borg og íbúa hennar.

Grimm (15:22)
Stöð 3 kl. 21.15

Spennandi þáttaröð um lögreglumann sem berst við yfirnáttúrulegar verur.

Algjör Sveppi –
Dagur í lífi stráks
Krakkastöðin kl. 19.00



Uptaka frá skemmtilegri leiksýningu þar sem fylgst er með viðburðaríkum degi í lífi Sveppa sem lendir í ótrúlegum uppákomum.

LAUGARDAGUR 22. FEBRÚAR

Zero Dark Thirty
Stöð 2 kl. 22.00



Mögnuð bíómynd sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna 2013. Jessica Chastain hlaut Golden Globe verðlaunin fyrir aðalhlutverkið og var einnig tilnefnd til Óskarsverðlauna. Leikstjóri er Kathryn Bigelow.

Eddan 2014
Stöð 2 kl. 20.00

Bein útsending frá Silfurbergi í Hörpu þar sem Eddan, íslensku sjónvarps- og kvikmyndaverðlaunin, verða veitt við hátíðlega athöfn.

Memphis Beat
Stöð 3 kl. 20.40



Gamansamir sakamálaþættir með Jason Lee í aðalhlutverki. Hann leikur lögreglumanninn Dwight Hendricks sem elskar blústónlist.

Twelve
Stöð 3 kl. 22.15



Spennamynd frá 2010 með Chace Crawford, Emma Roberts og Rory Culkin í aðalhlutverkum.

Ferðin til tunglsins
Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg teiknimynd um þrjár litlar húsflugur sem gerast laumufarþegar með geimskutlunni Apollo 11 út í geiminn.

STÓRLEIKIR Í MEISTARAEILD EVRÓPU

Stóra stundin er runnin upp fyrir fótboltaaðdáendur því 16-liða úrslitin í Meistaradeild Evrópu fara fram í þessari viku. Á þriðjudag er risaslagur þegar Manchester City tekur á móti Barcelona og það er annar risaslagur á miðvikudag þegar Arsenal fær Bayern Munchen í heimsókn. Þetta eru ekki einu leikirnir því á þriðjudag mætast einnig Bayer Leverkusen og Paris St. Germain og á

miðvikudag leika AC Milan og Atletico Madrid. Leikirnir hefjast allir klukkan 19.45. Fjörð heldur síðan áfram á fimmtudag en þá hefjast 32-liða úrslit í Evrópudeildinni þar sem nokkur Íslendingalið eru í eldlínunni. Jóhann Berg Guðmundsson og Aron Jóhannsson leika með AZ Alkmaar sem heimsækir Slovan Liberec klukkan 17.55 og á sama tíma verður Gylfi

Sigurðsson í eldlínunni með Tottenham gegn Dnipro í Úkraínu. Strax að þeim leikjum loknum, eða klukkan 20.00 er komið að Kolbeini Sigbórssyni og félögum hans í Ajax sem fá Red Bull Salzburg í heimsókn og á sama tíma tekur Swansea á móti Napoli. Það er því sannkölluð fótbolta-veisla í vændum á Stöð 2 Sport og hliðarrásum.





KONA ÚR FRAMTÍÐINNI

Tomorrow People segir af framtíðarfólki sem þróað hefur með sér óvenjulega hæfileika á sviði hugsana- og fjarflutnings. Peyton List fer með hlutverk aðalkvenhetjunnar.

Peyton var rétt orðin átta ára þegar hún hóf leik- og fyrirsætustörf fyrir Eileen Ford í New York. Hún var forsíðustúlka tímaritsins *Girl's Life* oftast en nokkur önnur og hefur síðan prýtt forsíður heimsþekktra tímarita.

Ásamt því að sitja fyrir á myndum vann Peyton hörðum höndum að því að verða leikkona. Á fimmtánda árinu landaði hún hlutverki í sápuoperunni *As the World Turns* þar sem hún lék Lucy Montgomery í fjögur ár. Sem táningur lék hún einnig gestahlutverk í sjónvarpsþáttunum *Law & Order*, *Sex and the City* og *Smallville*, þar sem hún lék litlu systur Lois Lane.

Í *Tomorrow People* fer Peyton með hlutverk Cöru Coburn. Þættirnir eru byggðir á samnefndri sjónvarpsseríu sem sýnd var í Bandaríkjunum á áttunda áratugnum og var endurgerð öðru sinni á tíunda áratugnum.

Peyton fer fögrum orðum um söguhetjuna sína.

„Cara er viljastyrk og fylgin sér, góðhjörтуð og passar vel upp á þá sem eru gæddir sömu hæfileikum og hún.“

Aðalmótleikari Peyton í *Tomorrow People* er Robbie Amell í hlutverki Stephen Jameson.

„Cara og Stephen mynda náin og sterk tengsl sín á milli því framtíðarfólkið býr yfir missterkum hugsanatengslum sín á milli. Hjá Cöru og Stephen eru þau afar sterk.“

Peyton horfði ekki á upprunalegu *Tomorrow People*-þættina þegar hún var boðuð í prufutökur.

„Ég treysti því að handritshöfundar nýju þáttanna nýttu sér það besta úr fyrri þáttunum í bland við ferskar, nýjar hugmyndir. Ég skoðaði seinna á elstu þættina á YouTube og heillaðist strax af svölum fatnaði áttunda áratugarins, svalri stemningunni og frábærum framtíðarhugmyndum. *Tomorrow People* á sér enda engin takmörk og spennandi að flétta nútímanum saman við upprunalega söguþráðinn.“



Lukka ei meir

Óskarsverðlaunahafinn Dustin Hoffman leikur aðalhlutverk-ið í sjónvarpsþáttunum *Luck* sem sýndir eru á Stöð 3. Dustin, sem verður 77 ára á árinu, lýsti því yfir að hann væri himinglaður að vera farinn að leika í sjónvarpi þar sem hann leikur á móti Nick Nolte og Michael Gambon.


„Bestu handritshöfundarnir hafa fært sig ofan af hvíta tjaldinu og niður á sjónvarpsskjáina til að flýja hömlur á sköpun í Hollywood,“ segir Dustin sem fékk hvatningu frá eiginkonu sinni til að leika í sjónvarpi.

„Sjálfur horfi ég lítið á sjónvarp en tók tal konunnar alvarlega þegar hún sagði mig þurfa að leika í takt við tíðarandann.“

Í *Luck* fer Dustin með hlutverk Chesters ‚Ace‘ Bernstein, valdamikils og vellauðugs manns sem snýr sér aftur að veðreiðahestum eftir að hafa setið þrjú ár í steininum.

„Ace lifir eins heiðarlegu lífi og hann getur, í hverfulum heimi. Hann er enginn mafiósi en virðist hafa átt í samskiptum við mafiuna og vill lifa ærlegu lífi,“ útskýrir Dustin.

Framleiðslu *Luck* var hætt eftir fyrstu þáttaröð þar sem dýraverndunarsamtökin PETA og slúðurvefurinn TMZ voru óspör



Dýpri, dekkri og hraðari

Önnur þáttaröð Revolution hefst 26. febrúar á Stöð 3. Eftir óvænta kjarnorkusprengru í lok síðustu þáttaraðar eru félagarnir Miles og Monroe staddir í gjörólíkum kringumstæðum.

Í byrjun annarrar þáttaraðar af Revolution hafa þrjú mánuðir liðið frá sprengingunni í Turninum. Félagarnir Miles og Monroe sleikja sárin en hvorugur veit til fulls hvað gerðist í sprengingunni.

„Þættirnir verða nú dýpri, dekkri og hraðari,“ segir Billy Burke sem leikur aðalsöguhetjuna Miles Matheson.

„Miles og Monroe eru á ólíkum stað í tilverunni og þegar við hittum þá næst eru þeir saman í rúminu,“ grínast Burke og flýtir sér að leiðrétta misskilninginn. „Nei, nei, Miles og Monroe eru ekki saman. Miles og Rachel eru ennþá náin en þó er engin rómantik á milli þeirra og þau skilja fljótlega.“

David Lyons, sem leikur Sebastian ‚Bass‘ Monroe, segir engan undra að Burke taki svona til orða.

„Margir þykjast skynja kynferðislega spennu á milli þeirra Miles og Monroe en nánd þeirra er eins og hjá góðum bræðrum. Monroe sér ekki sólina fyrir Miles en öfundar hann af fjölskyldulífínu og lítur á hann sem bróður. Samband þeirra breytist þegar þeir hittast á ný.“

Eftir sprenginguna hefur Monroe glatað öllu; vinum sínum, virðingu og stöðugleika.

„Monroe er tilfinningabúnt sem gefur lítið fyrir völd og þótt hann sé stundum dálítið klikkaður er líka mikið í hann spunnið. Áhorfendur kynnast mannlegu hliðinni

á Monroe í þessari þáttaröð og það kemur í ljós að hann er einfari sem þráir fjölskyldu, ást og öryggi,“ segir Lyons um sögupersónu sína sem einnig er haldin sjálfs-eyðingarhvöt.

„Í fyrri þáttaröðinni reyndi Monroe að halda stöðu sinni og völdum en gaf dauðann og djöfulinn í allt og alla í kringum sig. Nú þarf hann ekki lengur á því að halda og tekst á við tíma endurmats. Þá börðust þeir félagar um margt en uppgötvuðu eftir á að það var að ástæðulausu.“

Þess má geta að fyrsta sería af Revolution verður endursýnd á Stöð 3 alla virka daga frá og með 29. janúar.

á rangar upplýsingar um meðferð hrossa í þáttunum.

„Umfjöllunin byggðist á útrúningum því allir sem þekkja veðhlaup vita að hestar geta fótbrotnað. Á tveggja ára framleiðslutímabili Luck

drápu þrjú hross fyrir slysi. Því miður var slúðrið endurtekið nógu oft til að almenn- ingur trúði því og þættirnir voru teknir af dagskrá,“ segir Dustin sár.

HBO, framleiðandi Luck, sendi frá sér fréttatilkynningu vegna málsins. Í henni sagði að HBO gætti ávallt fyllsta öryggis við meðferð dýra. Því miður geri slys ekki boð á undan sér og því sé ekki hægt að tryggja að slys verði ekki aftur í framtíðinni. Þess vegna hafi þurft að taka erfiða ákvörðun. HBO væri eftir sem áður ákaflega stolt af Luck sem upphóf hestamenningu og alla sem að henni koma.

Þriðjudagar Frikka Dórs

Þriðjudagar hafa orðið enn skemmtilegri eftir að söngvarinn og skemmtikrafturinn Friðrik Dór tók að fylgja áhorfendum Stöðvar 3 í gegnum þriðjudagskvöldin.

„Ég lofa góðri skemmtun, góðum gestum og skemmtilegum uppátækjum,“ segir Friðrik sem nýtur liðsinnis leikarans Ásgríms Geirs Logasonar í hinum vinsæla Þriðjudagsþætti með Frikka Dór.

„Við Ási tókum nýjan vinkil á tónlistina og bjóðum upp á aðeins öðru vísi tónlistaratriði. Við flækjum líka gesti okkar, hvort sem það eru tónlistarmenn eða aðrir gestir, í einhvers konar sketsa og grín,“ segir Friðrik kátur.

„Útkoman ætti að vera hress og skemmtilegt sjónvarpsefni.“



BROT AF ÞVÍ BESTA 24. FEB. – 1. MARS

SUNNUDAGUR 23. FEBRÚAR

Ísland Got Talent
Stöð 2 kl. 21.15



Einstakir keppendur og frábær atriði í Ísland Got Talent, leitinn að næstu stórstjörnu Íslands heldur áfram og það er farið að þynnast í hópnum.

The Following (5:15)
Stöð 2 kl. 21.25

Eltingaleikurinn heldur áfram og spennan eykst með hverri mínútu.

60 Minutes
Stöð 2 kl. 23.00



Virtasti og besti fréttabáttur í heimi. Fréttamenn 60 Minutes fá viðtölin sem aðrir fá ekki og komast að kjarna málsins.

Dads (15:22)
Stöð 3 kl. 20.55

Bráðskemmtilegir þættir með Seth Green og Giovanni Ribisi í aðalhlutverkum.

Friðþjófur forvitni 2
Krakkastöðin kl. 19.00



Friðþjófur forvitni er ótrúlega gáfaður og skemmtilegur apí sem lendir í ótrúlegum ævintýrum.

Erin Brockovich
Bíóstöðin kl. 19.50

Stórbrotin saga sem vakti heimsathygli á sínum tíma. Julia Roberts hlaut Óskarsverðlaunin fyrir aðalhlutverkið.

Boys Don't Cry
Bíóstöðin kl. 22.00



Sannsöguleg kvikmynd sem sópaði til sín verðlaunum og færði m.a. Hilary Swank Óskarinn.

MÁNUDAGUR 24. FEBRÚAR

Mayday (5:5)
Stöð 2 kl. 22.20



Það er komið að lokapættinum af þessum spennandi breska myndaflokki og nú kemur í ljós hver er morðinginn.

True Detective (6:8)
Stöð 2 kl. 21.25

Stórbrotin þáttaröð um lögreglumennina Rustin Cohle og Martin Hart og rannsókn þeirra á hrottalegu morði.

Amazing Race (1:12)
Stöð 3 kl. 19.00

Það er nýtt kapphlaup að hefjast og nú verður ekkert gefið eftir.

Franklín
Krakkastöðin kl. 19.00



Skemmtileg teiknimynd um ævintýrlegu skjaldböckuna Franklín.

Wall Street
Bíóstöðin kl. 19.55

Stórmynd frá 1987 með Michael Douglas og Charlie Sheen í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Oliver Stone.

Braveheart
Bíóstöðin kl. 22.00



Óskarsverðlaunamynd frá 1995 með Mel Gibson í aðalhlutverki. Hann leikur skosku frelsis-hetjuna William Wallace.

Dominos deildin
Stöð 2 Sport kl. 19.00



Bein útsending frá leik KR og Keflavíkur í Dominos deild karla í körfubolta.

ÞRIÐJUDAGUR 25. FEBRÚAR

Meistaradeild Evrópu
Stöð 2 Sport kl. 17.00 og 19.45



Bein útsending frá leikjum í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Fyrst er það viðureign Zenit St. Petersburg og Borussia Dortmund klukkan 17.00 og síðan leikur Olympiakos og Manchester United klukkan 19.45.

Bones (17:24)
Stöð 2 kl. 22.45



Áttunda þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með félögnum Bones og Booth að rannsaka glæpi.

Working Girl
Bíóstöðin kl. 20.05
Skemmtileg gamanmynd með Harrison Ford, Sigourney Weaver og Melanie Griffith í aðalhlutverkum.

The Green Mile
Bíóstöðin kl. 22.00



Mögnuð mynd sem byggð er á sögu eftir Stephen King. Tom Hanks leikur aðalhlutverkið.

Pretty Little Liars (1:25)
Stöð 3 kl. 20.30
Fyrsti þáttur í fjórðu þáttaröð um vinkonurnar fjórar.

Rauðhetta... með nýju bragði 2
Krakkastöðin kl. 19.00



Skemmtileg teiknimynd þar sem rækilega er snúið út úr ævintýrinu um Rauðhettu og úlfinn.



MIDVIKUDAGUR 26. FEBRÚAR

Revolution (1:22)
Stöð 3 kl. 20.05



Önnur þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum sem fjalla um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess.

Heimsókn
Stöð 2 kl. 20.05
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.

La proie
Stöð 2 kl. 23.05

Frönsk spennamynd frá 2011 með Albert Dupontel og Alice Taglioni í aðalhlutverkum.

Gullbrá og birnirnir 3
Krakkastöðin kl. 19.00
Stórskemmtileg og launfyndin talsett teiknimynd.

Léttir sprettir
Stöð 2 kl. 20.25

Friðrika Hjördís Geirsdóttir stýrir skemmtilegum þætti um almennar íþróttir sem fólk er að stunda, svo sem hlaup, skíðaíþróttir, hjólreiðar, fjallgöngur, sund og íþróttir fyrir alla fjölskylduna.

The Face (8:8)
Stöð 2 kl. 20.50



Naomi Campbell er í aðalhlutverki í þessari skemmtilegu fyrirsetukeppni þar sem ungar og efnilegar stúlkur fá tækifæri til að slá í gegn.

La proie

Frönsk spennamynd frá 2011 með Albert Dupontel og Alice Taglioni í aðalhlutverkum.



Spurningabomban

Stöð 2 föstudag kl. 19.45

Logi Bergmann Eiðsson stýrir skemmtilegasta spurningabætti landsins þar sem hann eignir saman tveimur liðum, skipuð tveimur keppendum hvort, sem allir eiga það sameiginlegt að vera allt í senn orðheppnir, fyndnir og fjögurir. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Meistaradeild Evrópu

Stöð 2 Sport kl. 19.45



Bein útsending frá stórleikjum í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Schalke tekur á móti Real Madrid og Galatasaray tekur á móti Chelsea.

Gandhi

Bíóstöðin kl. 22.00



Óskarsverðlaunamynd frá 1982 með Ben Kingsley í hlutverki Mohandas Gandhi.

FIMMTUDAGUR

27. FEBRÚAR

Life's Too Short

Stöð 2 kl. 19.40



Breskir gamanþættir úr smiðju húmoristanna Ricky Gervais og Stephen Merchant. Flottir gestaleikarar koma fram í hverjum þætti og má þar nefna Liam Neeson, Johnny Depp, Helena Bonham Carter, Steve Carell, Cat Deeley, Sting og Val Kilmer.

The Blacklist (14:22)

Stöð 2 kl. 21.15



Frábær spennuþáttaröð sem hefur slegið í gegn í vetur. James Spader fer á kostum í hlutverki hins dularfulla Red Reddington.

Cabin Fever 2

Stöð 2 kl. 23.30

Hrollvekja frá 2009 með Rider Strong, Noah Segan og Alexi Wasser í aðalhlutverkum.

Evrópudeildin

Stöð 2 Sport kl. 17.55 og 20.00



Fjórir flottir leikir í beinni í Evrópudeildinni. Klukkan 17.55 taka Kolbeinn Sigþórsson og félagar í Ajax á móti Red Bull Salzburg og Napoli fær Swansea í heimsókn. Klukkan 20.00 fá Gylfi Sigurðsson og félagar í Tottenham lið Dnipro í heimsókn og AZ Alkmaar með Jóhann Berg Guðmundsson og Aron Jóhannsson tekur á móti Slovan Liberec.

FÖSTUDAGUR

28. FEBRÚAR

Batman Begins

Stöð 2 kl. 20.30



Ævintýramynd frá 2005 með Christian Bale, Michael Caine, Ken Watanabe, Liam Neeson, Katie Holmes og Gary Oldman í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Christopher Nolan.

Take This Waltz

Stöð 2 kl. 22.50



Dramatísk gamanmynd frá 2011 með Michelle Williams og Seth Rogen í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Sarah Polley.

Luck (5:9)

Stöð 3 kl. 21.55
Hörkuspennandi þáttaröð frá HBO með Dustin Hoffman og Nick Nolte í aðalhlutverkum.

Skrímsli í París

Krakkastöðin kl. 19.00



Bráðskemmtileg teiknimynd sem gerist í París árið 1910 og fjallar um skrímsli sem er alls ekki eins vont og skrímsli á að vera.

Silver Linings Playbook

Bíóstöðin kl. 20.10

Gamansöm mynd sem hefur fengið frábæra dóma. Aðalhlutverkin leika Bradley Cooper, Jennifer Lawrence og Robert De Niro.

LAUGARDAGUR

1. MARS

Gangster Squard

Stöð 2 kl. 21.55



Mögnuð mynd með Sean Penn, Ryan Gosling, Josh Brolin og Emma Stone í aðalhlutverkum. Sagan gerist í Los Angeles árið 1949 þegar leynileg sveit lögreglumanna segir mafíuforingja stríð á hendur.

10 Years

Stöð 2 kl. 20.10



Frábær grínmynd með Adam Sandler og Andy Samberg í aðalhlutverkum. Hún fjallar um ungan mann sem hefur ekki hitt pabba sinn í mörg ár en hann snýr óvænt aftur þegar sonurinn er að fara að gifta sig.

Jamie's 30 Minute Meals

Stöð 3 kl. 19.00



Meistarakokkurinn Jamie Oliver galdrar fram fljótlega og einfalda rétti.

Django Unchained

Bíóstöðin kl. 22.00



Stórbrotin kvikmynd sem Quentin Tarantino leikstýrir með Jamie Foxx, Christoph Waltz, Leonardo DiCaprio, Kerry Washington og Samuel L. Jackson í aðalhlutverkum.



FLOTT MÓT FRAMUNDAN Á GOLFSTÖÐINNI

Golfstöðin er með beinar útsendingar frá golfmótum um hverja helgi og dagana 24. febrúar til 2. mars verður sýnt beint frá Honda Classic, sem er liður í PGA-mótaröðinni. Mótið fer fram í Palm Beach á Flórída og það eru fjölmargir frábærir kylfingar búnir að boða komu sína. Þar á meðal eru Adam Scott, sem hefur verið að berjast við Tiger Woods um toppsætið á heimslistanum, Sergio Garcia,

Graeme McDowell, Zach Johnson, Hideki Matsuyama, Stewart Cink og Ben Crane. Margir kunnir kappar hafa fagnað sigri á Honda Classic mótunum í gegnum tíðina og má þar nefna Jack Nicklaus árin 1977 og 1978, Vijay Singh árið 1999, Pádraig Harrington árið 2005, Ernie Els árið 2008 og Rory McIlroy árið 2012. Í fyrra var það Michael Thompson sem tryggði sér sigur en þá voru 6 milljónir dollara í verðlaunafé.



TVÖ MÓT Í MEISTARA-DEILDINN Í FEBRÚAR

Meistaradeildin í hestaíþróttum er sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Tvær keppnir fara fram í febrúar – fimmtudaginn 6. febrúar verður keppt í gæðingafimi og fimmtudaginn 20. febrúar er komið að keppni í fimmgangi. Telma Tómasson stýrir einnig skemmtilegum þáttum í kringum keppnirnar þar sem hún spjallar við sérfræðinga um keppnina, knapana og hestana í Meistaradeildinni.



SUPER BOWL Í BEINNI
Á STÖÐ 2 SPORT Á
SUNNUDAGSKVÖLD

BESTA SÓKNIN GEGN BESTU VÖRNINNI

Úrslitaleikurinn í ameríska fótboltanum, hinn svokallaði Super Bowl, fer fram sunnudaginn 2. febrúar og verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Fjórð hefst klukkan 23.00 og stendur fram eftir nóttu. Það eru Denver Broncos og Seattle Seahawks sem eigast við á MetLife-leikvanginum í New Jersey. Lið Denver, með leikstjórnandann Peyton Manning fremstan í flokki, er besta sóknarliðið í NFL en Seattle er með bestu vörnina. Þar eru Cliff Avril og Michael Bennett í aðalhlutverki. Leikstjórnandi Seattle, Russell Wilson, þykir mjög efnilegur og úrslitaleikurinn verður einnig einvígi gamla meistarans og unga nýliðans. Eins og vanalega verður mikið um dýrðir í hálfleik og meðal þeirra sem koma fram eru Bruno Mars og Red Hot Chili Peppers.



STJÖRNULEIKUR OG DOMINOS-DEILDIN

Stjörnuleikurinn í NBA-deildinni fer fram sunnudaginn 16. febrúar og verður sýndur beint á Stöð 2 Sport. Viku síðar verður síðan sýnt beint frá stórleik LA Clippers og Oklahoma City Thunder. Einnig eru flottir leikir sýndir beint frá Dominos-deild karla í febrúar. Haukar og Stjarnan mætast mánudaginn 10. febrúar og KR tekur á móti Keflavík mánudaginn 24. febrúar.



STRÁKARNIR OKKAR Í STJÖRNULIÐINU

Stjörnuleikurinn í þýska handboltanum fer fram laugardaginn 1. febrúar og það eru þrír íslenskir landsliðsmenn í stjörnuliðinu sem mætir þýska landsliðinu í Leipzig. Það eru þeir Guðjón Valur Sigurðsson og Aron Pálmársson úr Kiel og Alexander Petersson úr Rhein-Neckar Löwen. Fjórdi Íslendingurinn, hornamaðurinn Hans Lindberg, sem reyndar leikur með danska landsliðinu, er einnig í stjörnuliðinu.

Þýska úrvalsdeildin fer síðan á fullt á ný strax þriðjudaginn 4. febrúar með beinni útsendingu frá leik Gummersbach og Kiel og miðvikudaginn 5. febrúar mætast Íslendingaliðið Flensburg og Rhein-Neckar Löwen.



EINVÍGI ÞEIRRA BESTU

16 LIÐA ÚRSLIT Í MEISTARAEILD EVRÓPU

Það eru sannkallaðir risaleikir á dagskrá þegar Meistaradeild Evrópu snýr aftur á Stöð 2 Sport í febrúar. Stórliðin Manchester City og Barcelona drógust saman í 16-liða úrslitum og fer fyrri leikurinn fram þriðjudaginn 18. febrúar. Kvöldið eftir er annar risaslagur þegar Arsenal tekur á móti Evrópumeisturum Bayern München.

Líkt og undanfarin ár fara leikirnir í 16-liða úrslitum ekki allir fram í sömu vikunni. Það eru aðeins tveir leikir á kvöldi til að tryggja sem mesta skemmtun fyrir áhorfendur. Manchester United heimsækir Olympiakos þriðjudaginn 25. febrúar og Chelsea fer til Tyrklands og mætir Didier Drogba og félagum í Galatasaray miðvikudaginn 26. febrúar.



FYRRI LEIKIRNIR Í 16-LIÐA ÚRSLITUM

Þriðjudaginn 18. febrúar

Bayer Leverkusen - PSG 19:45
Manchester City - Barcelona 19:45

Miðvikudaginn 19. febrúar

Arsenal - Bayern München 19:45
AC Milan - Atlético Madrid 19:45

Þriðjudaginn 25. febrúar

Zenit - Borussia Dortmund 17:00
Olympiakos - Man. United 19:45

Miðvikudaginn 26. febrúar

Galatasaray - Chelsea 19:45
Schalke - Real Madrid 19:45

ÍSLENDINGARNIR Í EVRÓPUDEILDINN

Það verða flottir leikir sýndir í beinni á Stöð 2 Sport í 32-liða úrslitum Evrópukeppninnar. Nokkrir íslenskir leikmenn verða í eldlinunni og mun Stöð 2 Sport sýna alla helstu leikina þar sem Íslendingarnir koma við sögu. Kolbeinn Sigþórsson og félagar hans í Ajax mæta Red Bull frá Salzburg, Gylfi Sigurðsson og félagar hans í Tottenham mæta Dnipro frá Úkraínu og Jóhann Berg Guðmundsson og Aron Jóhannsson í AZ Alkmaar mæta Slovan Liberec. Þá verður einnig sýnd viðureign Napoli og Swansea. Fyrri leikirnir fara fram fimmtudaginn 20. febrúar og seinni leikirnir fimmtudaginn 27. febrúar.



RISALEIKIR Í FA-BIKARNUM

Fimmta umferð elstu og virtustu bikarkeppni í heimi, ensku FA-bikarkeppninnar, fer fram helgina 15.-16. febrúar.

Það eru tveir risaleikir á dagskrá því stórliðin Arsenal og Liverpool drógust saman og einnig Manchester City og Chelsea. Þetta eru ómissandi leikir fyrir alla fótboltaaðdáendur. Af öðrum leikjum má nefna viðureign Everton og Swansea og leik Cardiff og Wigan. Leikirnir verða sýndir beint á Stöð 2 Sport.



ÓMISSANDI STÓRLEIKIR Á STÖÐ 2 SPORT 2 Í FEBRÚAR

TEKST MATA AÐ BJARGA UNITED?


Baráttan um enska meistaratítilinn hefur líklega aldrei verið eins jöfn og spennandi. Manchester City, Chelsea, Arsenal og Liverpool heyja einvígi um efsta sætið en meistarar Manchester United munu leggja allt í sölurnar til að næla í Meistaradeildarsæti.

Febrúar hefst með látum í ensku úrvalsdeildinni því tvö af toppliðunum mætast mánudaginn 3. febrúar í leik sem gæti ráðið úrslitum þegar upp er staðið. Manchester City tekur þá á móti Chelsea í uppgjöri liðanna sem þykja líklegust til að berjast um títilinn í vor. Þegar liðin mættust á heimavelli Chelsea í október tryggði Fernando Torres Chelsea 2-1 sigur með marki á lokamínútnni eftir klaufaskap varnarmanna City.

Annar stórleikur fer fram á Anfield í Liverpool laugar- daginn 8. febrúar þegar Liverpool tekur á móti Arsenal. Þetta eru tvö af skemmtilegustu sóknarliðum deildarinnar og það má búast við miklu fjöri.

Þriðji risaslagurinn í febrúar er síðan viðureign Arsenal og Manchester United á Emirates-leikvanginum í Lundúnum aðeins fjórum dögum síðar, miðvikudaginn 12. febrúar.

United hefur gengið illa í vetur en stuðningsmenn félagsins binda miklar vonir við spænska landsliðs- manninn Juan Mata sem keyptur var frá Chelsea í janúar. Endurkoma framherjanna Robins Van Persie og Waynes Rooney eftir meiðsli hefur einnig aukið bjartsýni United- manna sem hafa ekki gefið upp alla von um að ná Meistaradeildarsæti.



LEIKIR TOPPLIÐANNA Í FEBRÚAR

Manchester City

3. feb.	Man. City - Chelsea	20.00
8. feb.	Norwich - Man. City	15.00
12. feb.	Man. City - Sunderland	19.45
22. feb.	Man. City - Stoke	15.00

Chelsea

3. feb.	Man. City - Chelsea	20.00
8. feb.	Chelsea - Newcastle	15.00
11. feb.	West Brom - Chelsea	20.00
22. feb.	Chelsea - Everton	12.45

Arsenal

2. feb.	Arsenal - Crystal Palace	16.00
8. feb.	Liverpool - Arsenal	12.45
12. feb.	Arsenal - Man. Utd.	19.45
22. feb.	Arsenal - Sunderland	15.00

Liverpool

2. feb.	West Brom - Liverpool	13.30
8. feb.	Liverpool - Arsenal	12.45
12. feb.	Fulham - Liverpool	20.00
23. feb.	Liverpool - Swansea	13.30

Tottenham

1. feb.	Hull - Tottenham	15.00
9. feb.	Tottenham - Everton	13.30
12. feb.	Newcastle - Tottenham	19.45
23. feb.	Norwich - Tottenham	16.00

Everton

1. feb.	Everton - Aston Villa	15.00
9. feb.	Tottenham - Everton	13.30
12. feb.	Everton - Crystal Palace	19.45
22. feb.	Chelsea - Everton	12.45

Manchester United

1. feb.	Stoke - Man. Utd.	15.00
9. feb.	Man. Utd. - Fulham	16.00
12. feb.	Arsenal - Man. Utd.	19.45
22. feb.	C. Palace - Man. Utd.	17.30

Newcastle United

1. feb.	Newcastle - Sunderland	12.45
8. feb.	Chelsea - Newcastle	15.00
12. feb.	Newcastle - Tottenham	19.45
23. feb.	Newcastle - Aston Villa	13.30

STÆRRI ÁSKRIFTARPAKKAR

Fjölvarpið hefur tekið stórfelldum breytingum að undanfögnu og hafa áskriftarpakkar stækkað verulega. Fjölmar gar nýjar og áhugaverðar sjónvarpsstöðvar hafa bæst við það mikla úrval sem fyrir var og eru nýir áskriftarpakkar í boði. **Hér fyrir neðan er að finna gagnlegar upplýsingar um áskriftarpakkana í Fjölvarpinu. Vakin er athygli á því að breytingarnar eiga sér stað á netmyndlyklum símafélaganna Vodafone og Símanns.**

ÞÚ GREIÐIR MINNA!
Þeir sem eru með áskriftarpakka hjá 365 greiða 1.000 kr. minna af fjölvarps-pakkanum.



FRÁBÆRT FJÖLVARP

Veröld

Fjölbreytt úrval stöðva með alls kyns efni. Barnaefni, fréttir, tónlist, bíómyndir, heimildarmyndir – allur pakkinn!

66 stöðvar
digital island 46 stöðvar

5.990 kr.

Fréttir og fræðsla

Frábærar fréttastöðvar, heimildarmyndir og fjölbreytt efni fyrir fróðleiksfúsa.

28 stöðvar
digital island 20 stöðvar

3.990 kr.

Toppur

Allt sem hugurinn gírnist. Fréttir, bíómyndir, barnaefni, íþróttir, lífsstílsþættir, raunveruleikaþættir, tónlist og heimildarþættir.

26 stöðvar
digital island 23 stöðvar

3.990 kr.

Evrópa

Allar bestu evrópsku fréttastöðvarnar í einum og sama pakkanum.

23 stöðvar
digital island 14 stöðvar

2.990 kr.

Landsbyggð

Flottur og fjölbreyttur pakki með stöðvum sem nást út um allt land í gegnum Digital Island.

digital island 7 stöðvar

2.990 kr.

Erlent sport

Allt það nýjasta og áhugaverðasta sem evrópskar íþróttastöðvar hafa upp á að bjóða. Algjörlega ómissandi fyrir unnendur fjölbreyttra íþróttar. Golf, körfubolti, fótbolti í bland við ítarlegar íþróttarfréttir á SKY News.

10 stöðvar
digital island 9 stöðvar

2.990 kr.

Háskerpa og þrívídd

Fjölbreytt úrval stöðva í bestu mögulegu gæðum, háskerpu og þrívídd.

16 stöðvar

3.990 kr.

Bíó og skemmtun

Pakki sem hentar allri fjölskyldunni. Bíómyndir, tíska, fréttir af fræga fólkinu, tónlist, íþróttir, barnaefni og fréttastöðvar og matreiðsluþættir.

30 stöðvar
digital island 19 stöðvar

3.990 kr.

Brot af því besta

Sérstakur þriggja mánaða kynningarpakki sem gefur þér tækifæri til að kynna frábæri dagskrá Fjölvarpsins. Fréttir og fróðleikur, bíómyndir, skemmtiþættir, íþróttir og margt annað.

SÍMINN OG VODAFONE
10 stöðvar

1.990 kr.

HVAR FINN ÉG FJÖLVARPSSTÖÐVARNAR Á MYNDLYKLINUM?

SÍMINN	Rás Heiti	62 Animal Planet	77 Fox News	99 Fashion One	133 Hustler TV	238 DR3 HD
31 DR1	63 Discovery Channel	81 Cartoon Network	100 Fine Living	134 Blue Hustler	257 BBC HD	
32 DR2	64 Discovery World	82 Disney JR	105 TVE	144 Extreme Sports	258 High TV 3D HD	
33 NRK1	66 Nat. Geography	83 Disney XD	106 ARD	145 Motors TV	293 Fashion One HD	
34 NRK2	67 Discovery I.D.	84 Boomerang!	108 SAT1	147 Golf Channel	297 Outdoor Ch. HD	
35 NRK3 & Super	68 Nat Geo Wild	85 JimJam	109 ZDF	148 Liverpool TV	298 Luxe TV HD	
36 SVT1	69 BBC Knowledge	91 Star!	111 TVP Polonia	149 NBA TV	299 Fashion TV HD	
37 SVT2	71 BBC World News	92 E!	112 Rai Due	150 Man Utd TV	328 IConcerts HD	
38 Kringvarp Færeyja	72 CNN	93 Fashion TV	113 TV5 Monde	151 Chelsea TV		
52 CBS Reality	73 Bloomberg	94 BBC Lifestyle	123 MTV Hits	231 DR1 HD		
53 BBC Entertainm.	74 CNBC	96 Travel Channel	125 VH1 Hits	233 NRK1 HD		
54 TCM	75 Sky News	97 Style Network	126 VH1 Classic	235 NRK3 & Super HD		
55 MGM	76 AlJazeera	98 Food Network	129 MTV Rocks	236 SVT1 HD		
58 Eurochannel						

VODAFONE	Rás Heiti	53 Travel Channel	68 Discovery I.D.	85 Bloomberg	118 Chelsea TV	531 DR3 HD
30 DR1	54 Food Network	69 CBS Reality	70 Disney Channel	86 AlJazeera	120 Golf Channel	532 SVT1 HD
31 DR2	55 E! Network	71 JimJam	73 Cartoon Network	90 ARD	121 Motors TV	534 NRK1 HD
32 SVT1	56 Style Network	74 Disney JR	74 Disney JR	91 ZDF	122 Extreme Sports	535 Travel Ch. HD
33 SVT2	57 Fashion TV	75 Boomerang!	75 Boomerang!	92 SAT1	141 Blue Hustler	536 NRK3 & Super HD
34 NRK1	58 Fashion One	76 Disney XD	76 Disney XD	100 TV5 Monde	142 Hustler TV	538 IConcerts HD
35 NRK2	59 Fine Living	80 Sky News	80 Sky News	101 TVP Polonia	150 MTV Hits	556 LUXE TV HD
36 NRK3 & Super	61 Nat. Geographic	81 Fox News	81 Fox News	102 Eurochannel	151 VH1 Classic	557 Fashion TV HD
38 Kringvarp Færeyja	62 Nat Geo Wild	82 CNN	82 CNN	106 Rai Due	156 MTV Rocks	558 Fashion One HD
48 MGM	63 Animal Planet	83 CNBC	83 CNBC	108 TVE	157 Cmusic	610 Hustler TV HD 3D
49 TCM	64 BBC Knowledge	84BBC News	84BBC News	115 NBA TV	523 High TV 3D	611 Red Light TV HD
50 BBC Entertainm.	65 Discovery Ch.			116 Man Utd TV	524 Outdoor Ch. HD	
51 BBC Lifestyle	66 Discovery World			117 Liverpool TV	530 DR1 HD	
52 Star!						

DIGITAL ÍSLAND	Rás Heiti	49 Animal Planet	58 Style Network	71 DR2	89 TVE
22 Discovery Ch.	33 CNBC	50 BBC Entertainm.	60 Disney Channel	72 SVT1	90 Blue Hustler
23 Discovery World	34 BBC World News	51 BBC Lifestyle	61 Jim Jam	73 SVT2	91 Hustler TV
24 Discovery I.D.	36 AlJazeera News	53 MGM	63 Boomerang!	74 NRK1	
25 Nat. Geographic	42 Extreme Sports	54 TCM	64 Cartoon Network	75 NRK2	
26 Nat Geo Wild	44 Chelsea TV	55 Travel Channel	65 MTV Hits	80 ARD	
30 Sky News	45 Man Utd TV	56 Food Network	66 VH1 Classic	81 ZDF	
31 Fox News	47 Liverpool TV	70 DR1	70 DR1	82 SAT1	
32 CNN	48 NBA TV				

7.990 kr. + 0 kr.



Sex frábærar sjónvarpsstöðvar

Með Skemmtipakkanum færðu aðgang að sex frábærum stöðvum, aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild sem er eitt öflugasta vildarkerfi landsins.



Netið og heimasími innifalið í 36 mánuði

Enginn binditími fyrir internet og heimasíma.



Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Of gott til að vera satt?

- 1 Raunverulegur sparnaður**
Þú sparar frá 60.000 kr. á ári og því 180.000 kr. á gildistíma tilboðsins miðað við verð ráðandi aðila á markaði.
- 2 Langur gildistími**
Gildir í allt að 36 mánuði sem skilar sér í auknum heildarsparnaði. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma.
- 3 Auðvelt að skipta**
Það er bæði fljótlegt og einfalt að skipta yfir í net- og símapjónustu 365. Við tengjum þig, þér að kostnaðarlausu.
- 4 Ekkert smátt letur**
Alltaf er greitt línugjald eins og hjá öðrum þjónustuaðilum á markaðnum. Við bjóðum upp á leigu á hágæða ZyXel-netbeini.

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.



Fáðu þér áskrift! **365.IS**